

SHALDOR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
Í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Ömmublúnda fær nýtt líf

Arnlaug Borgþórsdóttir,  
hjúkrunarfræðingur og keramikhönnuður,  
notar gamla blúndudúka ömmu sinnar í  
hönnun sinni.

FÓLK



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

15. október 2012  
242. tölublað 12. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þeimfaklómum Capacent Gallup janúar - mars 2012

## Flugþjónum gefið súrefni í farþegaflugi til Þýskalands

Pota Icelandair með 132 farþega fékk forgangslendingu í Frankfurt vegna bráðaveikinda flugþjónanna. Þeir hresstust við súrefnisgjöf en veiktust aftur illa í aðflugi. Engin skýring er fengin á veikindum þeirra.

**FLUGMÁL** Engin skýring er á því af hverju flugþjónar í Boeing 757-200 potu Icelandair til Frankfurt í sumar veiktust hastarlega.

Rannsóknarnefnd flugslysa í Þýskalandi segir að klukkustund eftir flugtak í Keflavík 18. júlí hafi flestir flugþjónarnir fundið fyrir höfuðverk og svima og svitnað óeðlilega. Um borð voru 132 farþegar og sjö manna áhöfn.

Fluginu til Frankfurt var haldið áfram en til að hressa upp á flugþjónana var þeim gefið súrefni í flugstjórnarklefanum. Við það hjörnuðu flugþjónarnir við en

þegar vélin átti eftir fjörutíu mínútur til Frankfurt sögðust þeir allir vera orðnir veikir á ný. Tuttugu mínútum síðar voru varir þeirra og fingur orðnir bláir og fætur dofnir. Þeir kváðust vera með mikinn höfuðverk og svima. Vélin fékk þá forgang að lendingu í Frankfurt.

Hvorki flugmennirnir né farþegarnir fengu sams konar einkenni og flugþjónarnir. Öll áhöfnin var skoðuð af læknum en engin merki um veikindi fundust.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar segir að flugmennirnir hafi slökkt á loftræstingunni hægra

Það hafa komið kvartanir frá einstaka áhafnarmedlimum síðan

GUÐJÓN ARNGRÍMSSON  
UPPLÝSINGAFULLTRÚI ICELANDAIR

megin í vélinni eftir að flugþjónarnir létu vita af veikindum í seinna skiptið. Fyrir utan að ekki væri hægt að stilla loftræstinguna hægra megin á hæsta flæði fannst ekkert óeðlilegt við skoðun á þotunni.

Boeing-verksmiðjurnar segja ámóta tilvik hafa komið upp áður í þessari flugvélagarð. Það hafi verið rakið til aðskotahluta í loftræstingunni. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir þó enga skýringu hafa fundist. Loftræsting umræddrar vélar hafi verið hreinsuð og ítrekað skoðuð eftir atvikið og ávallt reynst í lagi. „Það hafa komið kvartanir frá einstaka áhafnarmedlimum síðan þannig að mælingar á loftinu um borð halda áfram í samráði við Boeing.“ -gar



Heiðrar bróður sinn

Svein Andra Sveinsson  
hæstaréttarlögmann langar  
strax í fleiri húðflúr.

Fólk 26

Óður um þjóð

Eftirsóknarverðara þarf að  
vera að búa á Íslandi en nú,  
skrifar Guðmundur Andri.

umræðan 13



Of mikil bjartsýni

Íslenska karlalandsliðinu  
í fótbolta gengur illa að  
fylgja eftir sigurveikjum.

sport 22

veðrið í dag



**AUSTLÆGAR ÁTTIR** Í dag má búast við strekkingi við suðurströndina, annars 3-8 m/s. Léttskýjað N- og V-til en að mestu skýjað SA- og A-lands. Hiti 3-9°C að deginum, hlýjast syðst.

VEÐUR 4



**RASMUSAR MINNST** Minningarathöfn var haldin um færeyska gítarleikarann og þungarokkarann Rasmus Rasmussen í gær. Kertum var fleytt á Tjörninni í Reykjavík og að því loknu var haldin samverustund í Fríkirkjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ætla ekki að láta neitt klikka:

## Gullstelpurnar verja titilinn

**FIMLEIKAR** Íslenska landsliðið í hópfimleikum er á leiðinni á Evrópumótið í vikunni og Íris Mist Magnúsdóttir segir að ekkert annað komi til greina hjá henni og stelpunum en að verja gullið sem þær unnu fyrir tveimur árum. „Liðið er miklu betra núna,“ segir Íris Mist.



ÍRIS MIST  
MAGNÚSDÓTTIR

„Það er mjög mikil framför hjá öllum og liðið hefur aldrei verið svona sterkt. Ég hef aldrei haft eins mikla trú á okkur. Það má ekkert klikka en við erum búnar að æfa þannig að við ætlum ekki að láta neitt klikka,“ segir Íris.

Mótið fer fram í Árósum í Danmörku og eiga stelpurnar von á því að fá mikinn stuðning.

- óój / sjá síðu 20

Vistmaður á réttargeðdeildinni á Kleppi ánægður með flutningana frá Sogni:

## „Pyntinganefnd“ gaf fullt hús

**HEILBRIGÐISMÁL** Nefnd á vegum Evrópuþómstólsins gaf hinni nýju réttargeðdeild á Kleppi fullt hús stiga í síðasta mánuði. Nefndin, European Commission of Human Rights and Prevention of Torture, á þó eftir að gefa frá sér skriflegt mat, en að sögn Páls Matthíassonar, framkvæmdastjóra geðsviðs Landspítalans, og Guðmundar Sævarssonar deildarstjóra var munnleg niðurstaða nefndarinnar að allur aðbúnaður þar væri til fyrirmyndar.

Réttargeðdeildin fluttist frá Sogni í mars síðastliðnum og tók aðbúnaður og meðferð sjúklinga miklum framförum við það. Í dag eru þar vistaðir

Hér er ég í Reykjavík, sem þýðir að ég er nær fjölskyldu minni og háskólabókasafninu. Hér er líka einfaldara fyrir mig að mæta í uppáhaldskirkjuna mína.

SJÚKLINGUR Á RÉTTARGEÐDEILD

fjórís ósakhæfir einstaklingar. Markmiðið með deildinni er að virkja sjúklingana þannig að þeir geti lifað góðu lífi í samfélaginu án þess að hætta stafi af þeim.

- sv / sjá síðu 10

EKKERT  
GERIR MÖMMU  
HRÆDDA ...



Herbergi

ÓLÍK ÖLLUM  
ÖÐRUM BÓKUM  
SEM ÞÚ HEFUR  
ÁÐUR LESIÐ

Jack er 5 ára.  
Hann býr í  
herbergi með  
mömmu sinni.

www.forlagid.is

TOPPAR  
SALATIÐ





Annalísu, er þetta orðin of mikil pressa?

„Nei, ég fæ aldrei nóg af pressu.“

Annalísu Hermansdóttir fer með hlutverk Öldu í þáttunum Pressu. Þriðja þáttaröðin fór í loftið í gærkvöldi og hlutverk Önnullu fer stöðugt stækkandi.

Áfrýjaði til Hæstaréttar:

## Hafnaði kröfu Gunnlaugs

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur hafnað áfrýjunarkröfu Gunnlaugs M. Sigmundssonar í meiðryðamáli hans gegn Teiti Atlasyni.



**GUNNLAUGUR SIGMUNDSSON**

Gunnlaugur krafðist þess að Hæstiréttur léti héraðsdóm taka málið til efnislegrar meðferðar, en hluta málsins var vísað frá dómi vegna formgalla. Teitur var sýknaður af þeim atriðum sem ekki var vísað frá dómi.

Gunnlaugur sendi frá sér yfirlýsingu í gær og segir miður að kröfunni hafi verið hafnað. Hann segir það ljótan blett á íslensku samfélagi að til sé fólk sem telji pólitískum skoðunum sínum til framdráttar að nota blogg til að „níða nafngreinda einstaklinga með ósannindum og gífuryrðum.“

- þeb

Umferðarstofa efnir til átaks:

## Afsláttur á reiðhjólaljósum

**UMFERÐARMÁL** Umferðarstofa og Landsamtök lögreglumanna hafa, í samstarfi við söluaðila reiðhjóla og tryggingarfélag, ákveðið að hvetja til ljósanotkunar á reiðhjólum. Hjólreiðamönnum hefur fjölgað að undanförunu, segir í tilkynningu frá Umferðarstofu, og mikilvægt er að þeir séu sýnilegir.

Lögreglan er þessa dagana með sérstakt eftirlit á ljósabúnaði reiðhjóla, en samkvæmt reglum á reiðhjól að vera búið ljóskerum að framan og aftan, rauðu þríhliða glitmerki að aftan og hvítu að framan. Á báðum hliðum fótstígs skulu vera hvít eða gul litmerki og eins á teinum hjólsins.

- kóp

Lík sem fannst í sjónum í Keflavík fyrir helgina var af pólskum manni:

## Talinn hafa látist af slysförum

**LÖGREGLUMÁL** Líkið sem fannst á föstudagsmorgun í sjónum í Keflavík var af 42 ára gömlum pólskum karlmanni búsettum í Reykjanesbæ. Samanburður á fingraförum leiddi þetta í ljós.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur gefið út að andlát mannsins sé talið vera slys og hefur varist allra fréttu af rannsókn málsins um helgina. Lögreglan nýtur aðstoðar tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sersveitar ríkislögreglustjóra.

Kafarar sersveitar lögreglustjóra leituðu að persónulegum munum hins látna á slysstaðnum í gær. Aðstæður voru erfiðar til leitar og öldugangur mikill.

Nafn hans hefur enn ekki verið gefið upp en ekki hefur reynst unnt að ná sambandi við ættingja hins látna.

- gar



**VIÐBÚNAÐUR Í FJÖRUNNI** Tíma tók að bera kennsl á lík sem fannst á föstudag.

Lögreglan á ferð í Ríó:

## Tekið til fyrir HM í Brasilíu

**BRASILÍA** Yfir tvö þúsund lögreglumenn fóru inn í hverfin Jacarezinho og Manguinhos í Ríó de Janeiro í gær. Hverfin eru þekkt fyrir fíkniefnasölu og glæpi. Gerðar voru húsleitir víða og notuðu lögreglumenn þyrlur og skriðdreka til að komast leiðar sinnar.

Atlaga lögreglu er liður í tiltekt stjórnvalda fyrir tvo heimsviðburði en undirbúningur fyrir heimsmeistaramótið í fótbolta árið 2014 og Ólympíuleikana árið 2016 stendur nú sem hæst.

- trs



**KRAKKARNIR OG SÍMON** Einar Skuggi, Björn Stormur og Embla Diljá sakna einfætta Starrans Símonar sem hvarf af heimilinu fyrir tveimur vikum.



MYND/ÚR EINKASAFNI

## Leita að einfættum starra sem mjálmar

**Starrinn Símon hvarf af heimili sínu við Bragagötu fyrir um tveimur vikum. Hann er einfættur og á auðvelt með að herma eftir. Kann meira að segja að mjálma eins og köttur. Fjölskyldan saknar Símonar sem er mikil félagsvera.**

**DÝRALÍF** „Það er mikill söknuður að Símoni. Hann var einn af fjölskyldunni,“ segir Sigríður Ásta Einarisdóttir, sem varð fyrir því óhappi að gæludýr fjölskyldunnar, einfættur starri, hvarf af heimilinu fyrir um tveimur vikum síðan.

Starrinn Símon hefur verið hluti af fimm manna fjölskyldu Sigríðar Ástu, sem býr við Bragagötu, síðustu tvö ár.

„Annar tvíbura okkar fann hann úti og kom með hann inn. Við mötudum hann til að byrja með en svo tókum við hann bara að okkur,“ segir Sigríður Ásta.

Fjölskyldan er einnig með tvo ketti og segir Sigríður Ásta að farið hafi vel á með Símoni og köttunum tveimur. „Símon var mjög hrifinn af köttunum og var meira að segja farinn að mjálma.



Hann var mjög félagslyndur og vildi helst bara vera á öxlunum á okkur.

**SIGRÍÐUR ÁSTA EINARSDÓTTIR**  
EIGANDI SÍMONAR

Hann pikkaði upp alls kyns hljóð og blístur. Hann var frábær.“

Sigríður Ásta segir að aðrir kettir hafi stundum komið inn til þeirra og einn daginn hafi þau fundið Símon í búrinu með annan fótinn brotinn. Hann lifði árássina sem betur fer af en missti fótinn.

Símon var oftast laus heima hjá Sigríði Ástu og fjölskyldu og flögraði þá um íbúðina. „Ef skrufað var frá vaskinum var hann alltaf mættur. Hann var mjög félags-

lyndur og vildi helst bara vera á öxlunum á okkur.“

Símon fór þó sjaldnast upp á efri hæðina á íbúðinni en fyrir tveimur vikum hafði Sigríður Ásta gleymt að loka gluggunum þar.

„Ég rétt skaust út en þegar ég kom til baka var Símon horfinn,“ segir hún. „Þetta eru harðger dýr og ég trúí því að hann sé þarna úti hjá frændum sínum.“

Á heimilinu eru þrír krakkar, tvíbura Einar Skuggi og Björn Stormur, sem eru að verða níu ára, og Embla Diljá sem er ellefu ára.

„Krakkarnir eru voðalega leiðir yfir þessu. Við erum alltaf að skoða í kringum okkur hvort við sjáum einfættan starra,“ segir Sigríður Ásta. „Ég vona í það minnsta að hann sé feginn því að vera frjáls þarna úti.“

krstjan@frettabladid.is

Tölur Hagstofu Íslands:

## 3,9 prósent fengu aðstoð

**SAMFÉLAGSMÁL** 7.715 íslensk heimili hlutu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á síðasta ári að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar. Á þeim heimilum bjuggu 12.540 einstaklingar, sem eru 3,9 prósent landsmanna. Þar á meðal eru 4.098 börn.

Heimilunum fjölgaði 805 frá árinu áður og hefur fjölgað um 1.721 frá 2009. Um helmingur viðtakenda aðstoðar í fyrra var atvinnulaus. Einstæðir barnlausir karlar voru fjölmennasti hópurinn sem hlaut fjárhagsaðstoð 2011.

- þj



**BÓKMENNTAMERKING** Hjálmar Sveinsson leiddi göngu um slóðir Vöggvísu að lokinni athöfninni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Merking til heiðurs Elíasi Mar:

## Skjöldur settur við Langabarr

**MENNING** Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur, afhjúpaði bókmenntamerkingu til heiðurs rithöfundinum Elíasi Mar í Aðalstræti í gær.

Þetta er fyrsti skjöldurinn af níu sem Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO, kemur upp í borginni á þessu ári í tilefni af fyrstu Lestrarhátíðinni í Reykjavík. Bókin Vöggvísu eftir Elíasi Mar er í brennidepli á hátíðinni. Skjöldurinn er staðsettur í Aðalstræti 6 til 8 þar sem Sódabarin Adlon, oft kallaður Langibarr, var um miðja síðustu öld, en sá bar spilar stórt hlutverk í Vöggvísu.

- trs

Fallhlífastökkvarinn og ofurhuginn Felix Baumgartner sló þrjú heimsmet í gær:

## Rauf hljóðmúrinn í frjálssu falli

**BANDARÍKIN** Austurríkisbúinn Felix Baumgartner sló þrjú heimsmet í gær þegar hann stökk til jarðar úr sérhönnuðu hylki sem hafði flutt hann tæpa 39 kílómetra út í geim. Hann var í frjálssu falli í fjórar mínútur og 22 sekúndur en alls liðu rúmar níu mínútur frá því að hann stökk úr hylkinu og þar til hann lenti á jörðu niðri, í eyðimörkinni í Nýju Mexíkó.

Baumgartner var klæddur í sérstakan geimbúning sem verndaði hann meðal annars gegn kuldanum og hraðanum, en hraðast var hann í frjálssu falli á 1.343 kílómetra hraða, rúmlega hundrað kílómetrum yfir hljóðhraða. Hann sló heimsmet í hraða í frjálssu falli auk þess sem hann sló heimsmet í hæstu hæð sem maður hefur farið í loftbelg og hæstu hæð sem maður hefur nokkurn tímann stökkið úr.

Eitt af takmörkum hans var að rjúfa hljóðmúrinn og í gærkvöldi var staðfest að hann hefði náð því, og þannig sett heimsmet. Stökk Baumgartners bar upp á sama dag og þegar Chuck Yeager rauf hljóðmúrinn fyrstur allra árið 1947.

Talið er að hundruð milljóna manna um allan heim hafi fylgst með Baumgartner í beinni útsendingu en undirbúningurinn fyrir stökkið hefur staðið yfir í fimm ár. Hann hafði lofað fjölskyldu sinni að þetta yrði hans síðasta stökk og hefur hann nú lagt fallhlífina á hilluna.

- trs

**SETTI ÞRjú HEIMSMET** Felix sló heimsmet í hæstu hæð sem maður hefur farið í loftbelg, hæstu hæð sem maður hefur stökkið úr og hraða í frjálssu falli þegar hann stökk til jarðar úr geimnum í gær.



Að heyrna er að trúa!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Chevrolet Cruze og V-Power eldsneyti:

# Krúsaðu frítt í eitt ár

Þegar þú kaupir Chevrolet Cruze færðu 1.000 lítra\*  
inneignarkort með hágæða Shell V-Power bensíni.  
Miðað við um 12.200 km\* akstur á ári má segja að  
þú akir frítt í eitt ár.

Shell V-Power er hannað til að hreinsa vélina  
að innan og bæta endingu hennar, auk þess  
sem mælingar sýna allt að 2,3% minni eyðslu.  
Inneignin gildir líka á bensinstöðvum Orkunnar.

**1.000**

**LÍTRAR INNIFALDIR\***

Þúsund lítra inneignarkort fyrir  
hágæða Shell V-Power bensíni  
fylgir öllum Chevrolet Cruze



Shell  
**V-Power**



## Áberandi glæsilegur og hlaðinn staðalbúnaði

Chevrolet Cruze sameinar styrk og fallega hönnun, sem einkennir bílinn jafnt hið innra sem ytra.  
Hann skarar ekki aðeins framúr í útliti; þægindin eru framúrskarandi og öryggið er fimm stjörnu.  
Cruze er á frábæru verði og staðalbúnaðurinn er ríkulegur (sjá benni.is).

**Cruze LTZ bsk. 4d. | Verð aðeins: 3.190 þús.**

\*Upphæð inneignarkortsins er 260.000 kr. sem samsvarar 1.000 lítrum á núverandi verði.  
\* Meðalakstur miðað við fólkabíl (bensín), árið 2011, samkvæmt Umferðarstofu.

Takmarkað  
magn á þessum  
vildarkjörum

Opið: 10:00 - 18:00 og laugardaga 12:00 - 16:00

Bílabúð  
**Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Bílabúð Benna • Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.

## GENGIÐ 12.10.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,49	123,07
Sterlingspund	196,73	197,69
Evra	158,80	159,68
Dönsk króna	21,287	21,411
Norsk króna	21,496	21,622
Sænsk króna	18,331	18,439
Japanskt jen	1,5603	1,5695

SDR 188,66 189,78

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,5088

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Deilt um forræði yfir börnum:  
Foreldrar ofmeta eigin hæfileika

**DANMÖRK** Þriðji hver skilnaður foreldra í Danmörku endar með deilu um forræði yfir börnunum, deilu um hvar þau eigi að búa eða hvernig umgengni skuli háttað. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar í Danmörku.

Fimmta hvert þar hættir að hafa samband innbyrðis. Rúmlega helmingur foreldranna sem hafa skilið segir samvinnu vegna barnanna góða. Almennt ofmeta foreldrar hæfileika sína til að takast á við skilnað, að mati stjórnanda rannsóknarinnar. - ibs



MELASKÓLI Börn að leik við Melaskóla í vesturbæ Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lestrarhátíð í Vesturbænum:

## Lesi fyrir farþega í strætó

**MENNTAMÁL** Sameiginleg lestrarhátíð grunnskólanna í Vesturbæ Reykjavíkur í samstarfi við leikskólana og Borgarbókasafnið er hafin og stendur út vikuna.

Hátíðin er haldin í framhaldi af því að skólarnir (Vesturbæjar-, Haga-, Granda- og Melaskóli) hafa unnið að sameiginlegri læsistefnu. Nemendur lesa sér til yndisauka milli níu og hálf tíu árdegis alla vikuna, en síðan taka við heimsóknir á milli skólastiga, auk þess sem nemendur heimsækja stofnanir og fyrirtæki og lesa upp. Stefnt er að því að nemendur lesi upp í strætó. - ók

Sameiginleg loftrýmisgæsla Svíþjóðar, Finnlands og Noregs verður rædd í lok mánaðarins:

## Finnar jákvæðir en Svíar ekki ákveðnir

**ÖRYGGISMÁL** Finnar eru mjög jákvæðir fyrir því að stunda loftrýmisgæslu á Íslandi í samstarfi við Svía og Norðmenn. Þeir biða hins vegar eftir ákvörðun Svía um málið.

Sameiginleg loftrýmisgæsla þessara ríkja verður rædd á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í tengslum við Norðurlandaráðsfund um næstu mánaðamót, segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir ekkert endanlega ákveðið um málið. „Þetta hefur verið rætt nokkrum sinnum á utanríkisráðherrafundum Norðurlandanna og svo hafa Finnar og Svíar lýst því yfir að þeir séu jákvæðir gagnvart þessu og séu að velja því fyrir sér með hvaða hætti væri

hægt að koma því við. Svo ég viti þá er ekki endanleg afstaða hjá Svíum komin fram,“ segir Össur.

Norrænu ríkin myndu ekki hefja loftrýmisgæslu fyrr en árið 2014. Það verður þá í fyrsta skipti sem Finnar og Svíar taka virkan þátt í hernaðarsamstarfi í Nató-ríki, segir í umfjöllun Aftenposten um málið, þótt ríkin þrjú hafi staðið sameiginlega að flugæfingum í norðurhluta ríkjanna.

Það var Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, sem gerði skýrslu um utanríkis- og öryggismál árið 2009 þar sem þetta var meðal tilgagna.



HERPOTUR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Loftrýmisgæsla Íslands verður rædd á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Gegndarlaus suk“  
sagt við höfuðstöðvar

Kostnaður við byggingu höfuðstöðva Orkuveitunnar varð meira en tvöfalt hærri en upphaflega var áætlað. Ritari stjórnar lýsir „gegndarlausri soun“ úr botnlausum peningakassa. Parket var vísitandi lagt á blaut gólf fyrir vígluathöfn.

**STJÓRNSÝSLA** „Vekur það sérstaka athygli að endanlegur kostnaður vegna hússins virðist ekki hafa legið fyrir fyrr en í lok árs 2005, og að á tímanum hafi komið upp liðir sem gleymst hafi að gera ráð fyrir í hönnun verksins,“ segir Úttektarnefnd um Orkuveitu Reykjavíkur um byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins.

Samþykkt var á árinu 2000 að byggja OR nýjar höfuðstöðvar. Upphaflega var byggingarkostnaður áætlaður 2.022 milljónir króna. Upp úr miðju ári 2002 var kostnaðurinn sagður myndu verða 2.487 milljónir. Endanlegur kostnaður varð hins vegar 5.300 milljónir, eða sem svarar til 8.466 milljóna á verðlagi ársins 2010, að því er segir í úttektarskýrslunni.

Sagt er að fulltrúum minnihlutans í stjórn OR hafi upphaflega verið kynnt hugmyndin um höfuðstöðvarnar þannig að fasteignir veitufyrirtækjanna ætti að selja og andvirðinu yrði varið til byggingarinnar. Söluandvirði gömlu eignanna hafi hins vegar á verðlagi ársins 2010 numið 3.281 milljónum króna en byggingarkostnaðurinn hafi endað í 8.466 milljónum. Mismunurinn sé 5.185 milljónir krónur.

Um ástæður þess að kostnaðurinn fór svo langt fram úr segir í skýrslunni að meðal annars hafi húsið verið stækkað um eitt þúsund fermetra og að ekki hafi verið áætlað fyrir liðum eins og loftræstikerfi og frágangi á

„Það mátti ekki fresta opnun hússins, þannig að það þurfti að skipta um öll parket á öllum gólfum.“

ÓLAFUR JÓNSSON  
RITARI STJÓRNAR OR

lód. „Ekki verður séð að athygli stjórnarinnar hafi verið vakin sérstaklega á þessum atriðum á byggingartíma hússins,“ segir úttektarnefndin.



HÖFUÐSTÖÐVAR OR Lagt var í margvíslegar viðbótarfrákvæmdir án þess að bera þær undir stjórn fyrirtækisins.

Tyrkir gefa út tilskipun:

## Leggja bann við sýrlensku flugi

**TYRKLAND** Utanríkisráðherra Tyrklands hefur lýst yfir flugbanni sýrlenskra flugvéla í tyrkneskri lofthelgi. Samskipti þjóðanna hafa því kólnað eftir þessa tilkynningu.

Bannið kom eftir að tyrknesk stjórnvöld fundu ætluð vopn í farþegaflugvél sem millilenti í Tyrklandi áður en hún ætlaði að halda áfram för sinni til Síýrlands. Flugvélin var að koma frá Rússlandi. Talið er að vopnin hafi átt að fara til sýrlenskra stjórnvalda sem reyna að berjja niður uppreisn í landinu. - trs

## PRÓFKJÖR

## Tryggvi Þór vill fyrsta sæti

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sækist eftir fyrsta sæti í prófkjöri flokksins í Norðausturkjördæmi. Tryggvi hefur setið á þingi frá árinu 2009 og hefur setið í efnahags- og viðskiptanefnd, iðnaðarnefnd og allsherjar- og menntamálanefnd.

## Eyrún býður sig fram í 2. sæti

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir ætlar að gefa kost á sér í annað sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Eyrún hefur verið oddviti Tálknafjarðarhrepps síðan 2006 og er jafnframt sveitarstjóri. Hún er varapringmaður fyrir flokkinn.

## Valgerður vill leiða lista

Valgerður Bjarnadóttir þingkona Samfylkingarinnar mun sækjast eftir því að leiða lista Samfylkingarinnar í öðru hvoru Reykjavíkurborgardæmanna. Hún býður sig fram í fyrsta til annað sætið í sameiginlegu prófkjöri flokksins. Valgerður hefur setið á þingi frá árinu 2009.



20% afsláttur af núðlusúpu út október

ef þér líka núðlur  
þá líkar þér yummi



like noodles  
like yummi



Alvöru núðlusúpa með kjöti, grænmeti eða rækjur

OPÍÐ 11.30 - 21.00  
yummi@yummi.is



Hverfisgata 123 við Hlemin  
Tel : 588-2121

Heimsendingagjald 1000 kr, lágmarkspöntun 2000 kr.  
Sendum eingöngu í 101, 103, 104, 105 og 108 Rvk  
www.yummi.is www.yummiyummi.net

Allir réttir á sama verði, 1000 kr.!

## VEÐURSPÁ




Soffía Sveinsdóttir  
veðurfréttamaður

**KÓLNAR** Í dag má búast við fremur hægri A-átt en á morgun snýst vindur í NA-átt, þá léttir heldur til suðvestantil en N- og A-lands má búast við súld og jafnvel slyddu til fjalla. Það kólnar heldur í veðri og á miðvikudaginn eru horfur á eljagangi norðan- og austanlands.

Á MORGUN  
Fremur hægur vindur.

MÍÐVIKUDAGUR  
NA- og N-átt,  
yfirleitt 3-8 m/s.



## HEIMURINN

Alicante	22°
Basel	14°
Berlín	12°
Billund	10°
Frankfurt	11°
Friedrichshafen	8°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	25°
London	13°
Mallorca	21°
New York	21°
Orlando	30°
Ósló	3°
París	14°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



## Húfur sem sjást í myrkri!

GJÖF HANDA FJÖLSKYLDUM MEÐ **F PLÚS** FJÖLSKYLDUTRYGGINGU

Haustið er spennandi tími fyrir krakkana og mikið um að vera í skólanum, tómstundastarfi og íþróttum. VÍS lætur sér annt um öryggi barnanna og gefur þeim skínandi fallegar

húfur svo þau sjást betur í skammdeginu. Komdu og sæktu húfu handa barninu þínu á næstu þjónustuskrifstofu VÍS og hafðu hraðann á því birgðirnar eru takmarkaðar.



VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | Sími 560 5000 | VIS.IS

**VÍS**



1. Hvað heitir fyrirliði Íslands í knattspyrnu?
2. Hvaðan var tónlistarmaðurinn Rasmus Rasmussen?
3. Í hvaða sjónvarpsseríu lék vaxtarættarkonan Ingrid Romero?

SVÖR

1. Aron Einar Gunnarsson 2. Ferreyjum 3. True Blood

BSRB ályktar og vill meðal annars að kynbundnum launamun verði útrýmt og fæðingarorlofsréttur lengdur:

## Vinnuvikan verði styttn í 36 stundir

**FÉLAGSMÁL** Nú þegar á að fara í vinnu sem miðar að styttingu vinnuvikunnar í 36 stundir og lögfesta að full vinnuvika vakta-vinnufólks verði 80 prósent af vinnutíma dagvinnufólks. Þetta segir í ályktun sem samþykkt var á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæjar (BSRB) sem lauk fyrir helgi.

„Nýleg launakönnun BSRB sýnir glöggt fram á að mikill munur er á launum félagsmanna bandalagsins og þeirra sem eru á almennum vinnumarkaði. Þá mælist líka talsverður munur á launum á milli landshluta og kynja,“ segir í ályktun þingsins um kjaramál. „BSRB krefst þess að þessum launamun verði tafarlaust eytt.“ Þá segir

einnig að stjórnvöld eigi að búa svo um að störf innan almannaþjónustunnar verði samkeppnisfær við önnur störf, hvort sem þau eru á innlendum eða erlendum markaði.

Einnig var ályktað um jafnréttismál á þinginu og þess krafist að kynbundnum launamun yrði útrýmt með auknu fjármagni og aðgerðum. „Það er algert forgangsverkefni stjórnvalda, atvinnurekenda og verkafélagsráðgjafarinnar,“ segir í þeirri ályktun. Einnig er þess krafist að fæðingarorlofsréttur verði lengdur samhliða hækkun greiðslubaks.

Þá vill BSRB að sett verði af stað átak til að uppræta kynbundna og kynferðislega áreitni á vinnustöðum.



Í VINNUNNI BSRB vill meðal annars að vinnuvikan verði styttn í 36 stundir og að réttur til fæðingarorlofs verði lengdur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# LOKAÐ

MÁNUDAGINN 15. OKTÓBER

vegna árshátíðarferðar starfsfólks

≡ HÉÐINN ≡

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100

## Vilja fráveitu orkuvers í umhverfismat

Umhverfisstofnun telur að mikil óvissa ríki um áhrif fráveitu HS Orku á affallsvatni frá Svartsengi til sjávar. Þetta mat gengur þvert á mat fyrirtækisins. Áætluð fráveita telst eina raunhæfa leiðin til að leysa frárennismál versins.

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun telur að fráveita orkuvers HS Orku í Svartsengi sé líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því skuli framkvæmdin háð umhverfismati. Það gengur þvert á mat fyrirtækisins sem telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum. Því muni mat á umhverfisáhrifum ekki veita frekari svör um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar en þegar liggja fyrir.

Þetta kemur fram í umsögn UMST til Skipulagsstofnunar dagsettri 31. ágúst um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

HS Orka hefur í hyggju að leggja niðurgrafna stálpípu 4,5 kílómetra leið frá niðurdælingarsvæði fyrirtækisins vestan við fjallið Þorbjörn til sjávar í Arfadalsvík. Þannig á að leysa frárennismálin til framtíðar en eins og kunnugt er myndar hluti afrennslis frá Svartsengi Bláa lónið. Samkvæmt starfsleyfi má lónið ekki stækka meira en orðið er og því þarf að leita annarra leiða.

Samkvæmt upplýsingum frá HS Orku um framkvæmdina er fullreynt með að dæla öllum vökvanum aftur niður í jarðhitakerfið og því sé áætluð fráveita eina raunhæfa leiðin til að leysa frárennismál orkuversins til framtíðar.

UMST segir í umsögn sinni að fjöldi álitamála þurfi frekari skoðunar við. Óvissa sé um áhrif á lífríki sjávar og strandar við Arfadalsvík þar sem er mikið fugla-, strand-, og sjávarlíf. Lögnin muni að auki valda umtalsverðu raski á



VIÐ SVARTSENGI Frá upphafi hefur hluti affallsvatnsins streymt út í hraunið við Svartsengi og myndað þar lón.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**4,5** kílómetra niðurgafin stálpípa verður lögð frá niðurdælingarsvæði til sjávar.

tveimur svæðum á náttúruminjaskrá, en í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er tillaga um að umrætt svæði verði friðlýst.

Umsagnaraðilar vegna framkvæmdarinnar eru Grindavíkurbær, Fornleifavernd, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit

Suðurnesja, Orkustofnun og UMST.

Samkvæmt upplýsingum frá Skipulagsstofnun er stefnt að því að taka ákvörðun um hvort framkvæmdin fer í umhverfismat í næstu viku, eða sem fyrst eftir að öll svör hafa borist.

HS Orka telur að fari framkvæmdin í umhverfismat og niðurstaðan verði jákvæð, þá gætu framkvæmdir hafist haustið 2014, en annars fyrr. Áætlaður kostnaður er um 600 milljónir króna.

Að ljúka matsmáli á einu ári kann vel að vera raunhæft, að mati Skipulagsstofnunar.

svavar@frettabladid.is

### Lyfjaskömmun kemur reglu á lyfjatökuna

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

MOÐURMÁTILURUM  
ÓMÁL ANÐ VÍRKA  
DAGA KA. 7



VILTU VITA Í  
HVAÐ TÍMINN FER?

Taktu stjórnina með  
Tímon tímaskráningarkerfi

www.timon.is

TrackWell  
TÍMON

Malala Yousufzai væntanlega flutt úr landi:

## Fékk landvistarleyfi í Dubai og Abu Dabi

**KARACHI, AP** Stjórnvöld í Pakistan ihuga að senda hina fjórtán ára gömlu Malölu Yousufzai úr landi. Verið er að bíða eftir grænu ljósi frá læknum Yousufzai en búið er að ganga frá landvistarleyfum fyrir stúlkuna og hjúkrunarfólk hennar í Dubai og Abu Dabi.

Talibanar réðust á Yousufzai og tvær skólasystur hennar þann 9. október síðastliðinn. Ástæða árásarinnar var barátta Yousufzai gegn kúgun talibana og fyrir skólagöngu stúlkna í Swatdalinum þar sem hún býr. Yousufzai var skotin í hálsinn og er haldið í öndunarvél en ekki er vitað hversu slæmir áverkarnir

eru. Öllum stúlkunum er hugað líf.

Talibanar segja Yousufzai hafa fengið þrjár viðvaranir áður en árásin átti sér stað er hún var á leiðinni heim úr skólanum ásamt skólasystur sínum. Hún hefur verið iðin við að koma skoðunum sínum á framfæri á vefsíðum á netinu þar sem hún vakti athygli BBC og í fyrra fékk Yousufzai æðstu friðarverðlaun í Pakistan.

Skotarásinn hefur valdið hörðum viðbrögðum í Pakistan en þúsundir manna hafa safnast saman víðs vegar um landið til að mótmæla árásinni og talibönunum. Þrír menn voru handteknir fyrir árásina um helgina.

- áþ



ÁRÁSINNI MÓTMÆLT Þúsundir manna söfnuðust saman víðs vegar í Pakistan til að mótmæla árás talibana á hinni fjórtán ára gömlu Malölu Yousufzai og skólasystur hennar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Blómaeyjan Madeira

22.-31. okt. Örfá sæti laus

31. okt. - 12. nóv.

Beint flug með Icelandair

## MADEIRA

Madeira er gjarnan kölluð Eyja hins eilífa vors eða Garðurinn fljótandi. Þessi stórbrotna eyja, blómstrandi paradísareyja, er um 600 km vestur af ströndum Afríku og nýtur því hitabeltisloftslags sem eykur enn á aðráttarafi hennar.

Ótal fleiri gistinguáttir á VITA.is  
Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald. Einungis er hægt að nota Vildarpunkta þegar bókað er á netinu.



### Hótel Raga

★★★★★

Mjög gott hótél í göngufæri við miðbæinn í Funchal. Sameiginleg aðstaða er mjög hugguleg, tveir veitingastaðir, flottar setustofur með líflægum bar og lífandi tónlist á kvöldin.

**Verð frá 129.900 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli í 12 nætur. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. \*Verð án Vildarpunkta 139.900 kr.

### Alto Lido

★★★

Fyrirtakshótél í Lido hótélhverfinu. Fjarlægð frá miðbænum er um 2½ km og þægileg gönguleið í bæinn. Í sundlaugargarðinum eru tvær útilaugar og sundlaugarbar. Hótelið er einnig með heilsulind, upphitaðri innilaug, kokkteilbar og veitingastað.

**Verð frá 155.100 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli í 12 nætur. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. \*Verð án Vildarpunkta 165.100 kr.

## Gönguferð um Madeira 31. okt. - 12. nóv.

Farið verður um fallegar gönguleiðir, m.a. Levada do Furado áveituskurðinn, Paul da Serra sléttuna, fossar skoðaðir og margt fleira. Í ferðinni er gengið í sex daga en síðustu þrjú dagarnir eru teknir rólega.

**Verð frá 259.500 kr.\***  
og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálf fæði, 6x kvöldverður (á göngudögum) og íslensk fararstjórn. \*Verð án Vildarpunkta: 269.500 kr.

Upplýsingar hjá Vita í síma 570 4453 eða í gegnum tölvupóst: [siljarun@vita.is](mailto:siljarun@vita.is)  
[www.vita.is/sportlif](http://www.vita.is/sportlif) | [www.gonguhrolfur.is](http://www.gonguhrolfur.is)



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR  
GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

Hugmyndir um lægri hlunnindaskatt á umhverfsvænni fyrirtækjabíla:

## Afsláttur aukist með minni útblæstri

**STJÓRNSÝSLA** Unnið er að reglugerðarbreytingu í fjármálaráðuneytinu sem veitir fólki, sem hefur fyrirtækjabíla til umráða, afslátt af hlunnindasköttum vegna þeirra eftir því sem þeir mæna minna. Samkvæmt heimildum blaðsins er verið að útfæra breytinguna nánar, en gert er ráð fyrir því að skattaafslátturinn aukist í hlutfalli við minni losun bílanna á gróðurhúsalofttegundum.

Breytingin er hluti af tillögum aðgerðaáætlunar Grænu orkunnar, en svo nefnist verkefnisstjórn

stjórnvalda á klasasamstarfi um orkuskipti í samgöngum.

„Þetta er mjög gott mál sem skref í þá átt að ýta undir notkun bíla sem mæna minna,“ segir Sverrir Viðar Hauksson, formaður BÍlgreinasambandsins, og fyrrverandi formaður verkefnisstjórnar Grænu orkunnar.

Ekki liggur fyrir hversu stór hópur nýtur þeirra hlunninda að hafa bíl til afnota. „En þetta er samt ótrúlega fjölbreytt flóra sem hefur afnot af bíl með einhverjum hætti og borgar þar með hlunnindaskatta. Þetta snýst ekki bara um einhverja forstjórabíla,“ segir Sverrir. - óká



**RISAGRASKER** Gestir sjást hér dást að risavöxnum graskerum í keppni um stærsta grasker í Evrópu sem fram fór í Ludwigsburg í Þýskalandi um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný reglugerð um netaveiðar:

## Möskvareglur felldar niður

**SIÁVARÚTVEGUR** Ákvæði um átta þumlunga hámarksstærð möskva á þorskfiskanetum hefur verið fellt niður með nýrri reglugerð frá atvinnuvegaráðuneytinu. Frá þessu er sagt á heimasíðu LÍÚ.

Breytingin er gerð að fenginni umsógn Hafrannsóknastofnunar, í ljósi jákvæðrar þróunar þorsstofnsins.

Möskvastærð var takmörkuð árið 2005, en markmiðið þá var að vernda stóran hrygningarfisk og draga úr heildarsókn. - þj



**UMHVERFISVÆNN?** Rafmagns-, tvinn-, vetnis- og metangasbílar eru í hópi bíla sem mæna minna en bensín- og díselbílar.



**KAUPTU FJÓRAR FÁÐU SEX**

**HLEÐSLA** 100% HÁGÆDA PRÓTEIN

**KAUPIR 4 FÆRÐ 6**

**HLEÐSLA** 100% HÁGÆDA PRÓTEIN

### Hvernig má fæla fuglinn

Á vef Bændasamtakanna eru gefin ráð til að fæla fuglinn:

- Álfir og gæsir hræðast að geta ekki tekið til flugs. Minnka má líkur á að fuglinn setjist á tún/akur með því að strengja borða yfir túnin með nokkru millibili og þrengja þannig svæðið sem hann hefur til að taka sig á loft.
- Skurðir og girðingar hindra að álfir og gæsir fari inn á akra. Einnig skiptir miklu að vel takist til við vinnslu og sáningu til að forðast auðar geilar í ökrum.
- Gasbyssur hafa verið notaðar. Almennt er reynslan þó sú að fuglarnir læri fljótt á þær, einkum ef skotmynstri er ekki breytt og byssur færðar til.
- Nota má fuglahræður, flögg, gasblöðrur, lúðra og hunda. Þá má nefna svokallað mylar-band (band sem glampar á).
- Hægt er að trufla fuglana með nýju áreiti daglega. Til dæmis stilla upp dráttarvél, kerru, bauju eða öðrum áberandi hlutum.



**VIÐ TJÖRNINA** Á falgum haustdegi getur verið gaman að gefa álfum, gæsum og öndum við Tjörnina í Reykjavík. Álf og gæs eru hins vegar ekki auðsúgestir til sveita þar sem fuglinn veldur sums staðar stórtjóni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Staðbundin undanþága möguleiki

Ágangur álfra og gæsar á ræktarlönd er til skoðunar. Bændur vilja fá að skjóta fuglinn. Friðun álfra verður ekki aflétt þótt undanþága séu mögulegar.

**LANDBÚNAÐUR** Enn er unnið að söfnun upplýsinga vegna ágangs af völdum álfra og gæsa á ræktarlönd. Að gagnaöfluninni standa umhverfisráðuneyti, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Bændasamtök Íslands, að því er fram kemur í svari Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns Framsóknarflokks, á Alþingi í lok ágúst.

„Þessi vinna er bara í gangi,“ segir Steinar Rafn Beck Baldursson, sérfræðingur á sviði náttúruauðlinda hjá Umhverfisstofnun. Hann kveðst hins vegar ekkert geta sagt til um hvenær gagnaöfluninni kunni að ljúka.

Komið hefur fram að ágangur andfugla í ræktarlönd hefur hrakið bændur frá því að rækta korn. Þá hafa bændur farið þess á leit að fá að skjóta fugla til þess að fæla þá frá ræktarlöndum. Steinar segir

ólíklegt að tekin verði ákvörðun um að heimila einhverjar slíkar aðgerðir fyrr en að fengnum niðurstöðum könnunarinnar á umfangi tjóns eftir fuglinn. „Svo er líka verið að skoða hvað gert hefur verið í öðrum löndum,“ segir hann.

Í svari sínu á þingi segir umhverfisráðherra ástæðu til að fylgjast með beitarálagi af völdum gæsa og álfra, bæði á ræktarlöndum og náttúrulegum svæðum. Þá eigi að bregðast við að fengnum betri upplýsingum um ágang af völdum gæsa og álfra.

„Ákvæði laga veita umhverfisráðherra ekki leyfi til þess að aflétta friðun álfra en ráðherra hefur þó heimild til þess að veita staðbundna undanþágu frá lögnum til að bregðast við tjóni,“ segir í svari ráðherra. Þar kemur einnig fram að álfastofninn hafi stækkað úr sautján þúsund fuglum árið 1986 í 29 þúsund fugla árið 2010.

oikr@frettabladid.is

7 ára ábyrgð  
á öllum nýjum KIA bílum



# Komdu og prófaðu nýjan Kia cee'd

Nýr Kia cee'd er kraftmikill, sparneytinn, rúmgóður og betur búinn en nokkru sinni. Hann eyðir aðeins 4,1 l/100 km í blönduðum akstri og fær því frítt bílastæði í Reykjavík í 90 mínútur í senn.

**Verð frá 3.455.777 kr.** Kia cee'd LX 1,4 dísil  
Aðeins 28.777 kr. á mánuði í 84 mánuði\*




\*M.v. 50% útborgun eða upprétubú til sambærilegu verðmæti. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06 %.

## AÐALFUNDUR

Stjórn Parspro.com ehf. boðar til aðalfundar félagsins þriðjudaginn 23. október kl. 17:00 í húsaýskynnum félagsins að Vegmúla 2, Reykjavík.



Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

**parspro.com**  
ONLINE BETTING SOLUTIONS



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölur- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

www.kia.is



# ÓDÝRASTA HVEITIÐ Í BÓNUS



**B**  **NUS**

# Sérstök gát vegna sjálfsvígshættu

Aðbúnaður hefur stórbatnað síðan réttargeðdeildin fluttist frá Sogni yfir á Klepp. Fjórir karlar dvelja nú á deildinni og hefur einn verið þar í tíu ár. Evrópsk úttektafnd gaf góða umsögn. Nauðsynlegt að finna úrræði fyrir veika fanga í almennum fangelsum.

Fjórir karlar dvelja nú á réttargeðdeildinni á Kleppi. Elsti sjúklingurinn er 46 ára og sá yngsti 27 og hefur sá sem dvalið hefur lengst þar verið inni í tíu ár. Á deildina vistast þeir sem eru dæmdir ósakhæfir og ekki ábyrgir gjörða sinna á þeirri stund sem glæpur var framinn. Ofsóknargæðklofi (e. paranoia schizofrenia) er algengasti sjúkdómurinn meðal einstaklinganna.



GUÐMUNDUR S. SÆVARSSON

Pláss er fyrir nú einstaklinga á réttargeðdeildinni og er möguleiki til kynjaskiptingar líka fyrir hendi, en deildin flutti frá Sogni í mars síðastliðnum, þar sem slík skipting var ekki möguleg. Hún er þó óþörf eins og er, því engin kona er vistuð á deildinni.

## Meðallegutími fjögur ár

Réttargeðdeildin hefur tvískipt hlutverk; annars vegar sem öryggisgæsla þar sem afplánun í fangelsi hefur verið talin árangurslaus og hins vegar meðferð vegna andlegra sjúkdóma. „Þetta er mjög mikið inngríp í hag og líf fólks,“ segir Guðmundur Sævar Sævarsson, deildarstjóri réttargeðdeildarinnar.



**ÞÆTT AÐSTÁÐA** Sjúklingar réttargeðdeildarinnar fá að leggja fram óskir á hverjum morgni um hvernig skuli haga deginum. Wíttölva var keypt til að virkja sjúklingana líkamlega, en allir ofbeldisleikir eru bannaðir. Áskrift að Stöð 2 og fjölvarpinu er einnig á deildinni, sem og internetaðgangur í klukkustund á dag. Allir samfélagsmiðlar á netinu eru þó bannaðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meðallegutími á deildinni er fjögur ár. Árið 2010 voru sjúklingarnir sjö, en síðan þá hafa nokkrir verið dæmdir í svokallaða rýmkun, það er eins konar skilorð þar sem menn færast í viðeigandi húsnæðisúrræði með áframhald-

## Flestir falla í neyslu

Rýmkun fer þannig fram að einstaklingurinn leggur fram umsókn með lögmanni sínum og fer síðan fyrir dómara. Sé hann metinn svo að hann sé ekki lengur hættulegur samfélaginu er rýmkun samþykkt.

“Pegar fólk kemur hingað er það að koma út úr sínum verstu veikindum og fer fyrst þá að glíma við sorgina og sektarkenndina sem fylgir verknaðinum sem var framinn.

andi meðferð, og tveir nýir einstaklingar komið inn.

„Legutími fer algjörlega eftir árangri endurhæfingar,“ segir Guðmundur. „Sjúklingur þarf ekki bara lyfjameðferð og getu til að komast út úr þeim veikindum sem urðu til þess að hann framdi verknaðinn, heldur þarf hann líka endurhæfingu til að fá innsæi og verða ábyrgur gjörða sinna.“ Hann bendir á að í lögum segi að dvöl ósakhæfis einstaklings megi ekki vera lengri en nauðsyn beri til.

Hún er þó háð mjög ströngum skilyrðum og getur eftirfylgni staðið yfir í fjölda ára.

„Algengasta ástæða endurkomu er neysla og því er gifurlega mikilvægt að við fylgjumst vel með því,“ segir hann. Þó er mjög misjafnt hvort sjúklingar deildarinnar hafi verið í mikilli neyslu í aðdraganda verknaða sem þeir frömdu og á það til að mynda ekki við um núverandi sjúklingahóp.

## Koma í veg fyrir sjálfsvíg

Almenn líðan sjúklinga hefur batnað eftir flutningana, að sögn Guðmundar. Þó er hún mjög misjöfn og fer eftir því hversu veikir einstaklingarnir eru.

„Pegar fólk kemur hingað er það að koma út úr sínum verstu veikindum og fer fyrst þá að glíma við sorgina og sektarkenndina sem fylgir verknaðinum sem var framinn. Því er mikilvægt að umhverfið sé sniðið að meðferð og öryggi. Við erum fyrst og fremst að koma í veg fyrir að þessir menn svipti sig lífi,“ segir Guðmundur. „Þeir eru misjafnlega veikir og mislangt komnir í sinni meðferð, en þeir eru virkari en áður og við gerum fleiri hluti með þeim. Það að vera veikur og lokaður inni og geta ekkert gert býður bara hættunni heim.“

Eftir flutningana er mun auðveldara að hanna aðbúnað þannig að erfitt er að skaða sig á innanstokksmunum og er öryggi sjúklinga og starfsmanna betra. Engir fatahankar eru á veggjum og sturtarnar eru einnig þannig hannaðar að starfsmenn þurfa ekki að standa yfir sjúklingum á meðan þeir baða sig því nær ógerlegt er að skaða sig þar inni.

## Átta sig á glæpnum

Markmiðið með deildinni er að

## Of veikir fangar á Litla-Hrauni

Fangelsismálastofnun hefur kallað eftir úrræðum fyrir þá fanga sem falla á milli í kerfinu, eru metnir sakhæfir fyrir rétti en eru veikir og fá því ekki viðeigandi meðferð í almennum fangelsum.

Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítalans, segir réttargeðdeildina ekki geta sinnt þessum hópi eins og er, heldur þurfi að byggja upp nýtt úrræði.

„Það er ákveðinn hópur fanga sem getur verið stórhættulegur þegar þeir eru veikir en voru metnir sakhæfir þegar þeir frömdu glæpin. Þeir flakka á milli, eru annaðhvort í fangelsi eða hjá okkur, svo í raun þarf sérdeild fyrir þá,“ segir hann. „Þeir eiga ekki heima á réttargeðdeild því þangað fer fólk sem er strax metið ósakhæft og þeir eiga heldur ekki heima á Litla-Hrauni, því þeir eru of andlega veikir.“

Páll Winkel fangelsismálastjóri tekur undir þetta. Í dag séu fjórir til fimm fangar inni á Litla-Hrauni sem falla undir þessa skilgreiningu.

„Það bráðvantar úrræði,“ segir Páll. „Annaðhvort þarf sérálmú í fangelsi eða sérstaka deild á vegum heilbrigðisvivalda.“

Að sögn Páls eiga mennirnir það allir sameiginlegt að þeir una sér illa í stærri hópum. Deild með fimm til tíu plássum sé brýnt að koma á laggirnar; öryggisgæslu með sérhæfðari meðferð. Lyfjagjafir séu sérlega flóknar eins og staðan er í dag því það er ekki hægt að neyða líf ofan í einstaklinga án þess að svipta þá sjálfræði. „Þetta er eitthvað sem þarf að berjast fyrir.“



virkja sjúklingana þannig að þeir geti lifað góðu lífi í samfélaginu án þess að hætta stafi af þeim. Meðferðin byggir mikið á almennum samskiptum og sjálfsbjargarviðleitni, sem og þjálfun í að fá innsýn í hvað hafi gerst sem gerði það að verkum að þeir séu lokaðir inni og hvers vegna.

## Pyntinganevnd gaf fullt hús

Nefnd frá Evrópuþingnum, oft kölluð pyntinganevndin (European Commission of Human Rights and Prevention of Torture), gerði úttekt á réttargeðdeildinni í síðasta mánuði. Hún hefur ekki skilað af sér formlegri niðurstöðu, en að sögn Guðmundar hefur komið fram munnleg umsögn þar sem deildin fékk „toppeinkunn“.

„Enda er deildin glæný og allur aðbúnaður ber þess merki. Meðferðin er með besta móti, skráning öll skotheld og niðurstaðan sýnist mér ætla að vera mjög góð,“ segir hann. Nefndin fer um alla Evrópu til að fara

## Flóttatilraunir afar fátíðar

- Sjúklingar halda fund á hverjum morgni með starfsfólki deildarinnar þar sem farið er yfir komandi dag. Þegar farið er með sjúklinga í vettvangsferðir eru að lágmarki tveir starfsmenn á hvern og þarf viðkomandi að hafa verið metinn svo að hann sé ekki hættulegur umhverfinu.
- Frjálst aðgengi er í garðinn á deildinni á milli klukkan 9 og 22.
- Ró á að vera komin á hjá sjúklingum á miðnætti.
- Sjúklingar fá leyfi til að sækja jarðarfari og aðra mikilvæga viðburði í fylgd starfsmanna.
- Flóttatilraunir eru afar fátíðar.



## Hollvinasamtök varðskipsins Óðins

Aðalfundur Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins verður haldinn miðvikudaginn 17. október næstkomandi.

Fundurinn verður í Víkinni - sjóminjasafni Reykjavíkur, Grandagarði 8 og hefst klukkan 15.00.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Hollvinir varðskipsins Óðins hafa með samstilltu átaki bjargað þessu merkilega skipi, gert það að lifandi safngrip og helsta djásni sjóminjasafnsins.

Hollvinir, fjölmennið á fundinn.  
Nýir félagar velkomnir.

## Stjórn Hollvinasamtaka Óðins

Óðinn reyndist sérlega vel sem björgunarskip. Hann dró alls tæplega 200 skip til lands eða í landvar vegna bilana, veiðarfæra í skrúfu eða eldsvoða um borð. Einnig dró hann flutninga- og fiskiskip 14 sinnum af strandstað. Þá bjargaði skipið áhöfnum strandaðra skipa þrisvar sinnum og tvisvar bjargaði það áhöfnum sökkvandi skipa.

KOM Almennatengill/svarthvít ehf.

## Þingmenn Suðurljörðdæmis mótmæltu flutningunum frá Sogni

Björgvin G. Sigurðsson og ellefu aðrir þingmenn, langflestir í Suðurljörðdæmi, mótmæltu flutningum deildarinnar af Sogni í nóvember á síðasta ári. Þingmennirnir fóru fram á að fagleg úttekt yrði gerð á kostum og göllum flutninganna og mæltust til þess að þeim yrði frestað þar til niðurstöður hennar lægju fyrir.

Í þingsályktunartillögu þess efnis segir meðal annars að samfélagið í Ölfusi hafi föstrað starfseminu á Sogni vel og uppbyggging hennar á svæðinu verið skuldbinding við samfélagið.



Reynslan af deildinni að Sogni virðist góð og því þurfi forsvarsmenn Landspítala að rökstyðja ýtarlega og faglega ef færa eigi deildina að Kleppi. „Auðvitað má alltaf rökkræða um staðsetningu á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu en ákvörðunin var tekin fyrir tveimur áratugum um að byggja hana upp á Sogni og reynslan af henni er farsæl.“

Þess má geta að öllum starfsmönnum á Sogni var boðin áframhaldandi vinna á Kleppi og þáðu það sumir.

Sunna Valgerðardóttir  
sunna@frettabladid.is



Á morgun:  
Lífið utan stofnana

**1800W MÓTOR**

**TRISTAR SZ-1910 Ryksuga**  
 Nett en öflug 1800W ryksuga með stillanlegum sogkrafti og stálskafti með hæðastillingu. Fullt verð kr. 10.990

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 7.990**  
**28% AFSLÁTTUR**



**10 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslætti!**

- ✓ Í öllum gerðum og stærðum
- ✓ Grillpönnur, WOK pönnur, pönnukökupönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar
- ✓ 20, 24, 28, 30 cm breiðar
- ✓ Henta á allar gerðir af hellum, líka span
- ✓ Tvöföld viðlöðunarfrí húðun

**50% AFSLÁTTUR AF PÖNNUM**  
 Vandaðar pönnur í öllum stærðum og gerðum



**Electrolux EDB-5120 Gufustraujárn 4Safety**  
 Topp gufustraujárn, hlaðið nýrri tækni og þægindum. 4Safety öryggisbúnaður sem slekkur á straujárninu ef þú gleymir því í sambandi eða það dettur/veltur á hliðina.

- ✓ 2200W - tilbúið til notkunar núll einni
- ✓ Mjög gott gúmmigrip
- ✓ Vandaður keramikhúðaður sóli
- ✓ Mjög öflugt 100 g gufuskot
- ✓ 2,5 metra snúra
- ✓ Fullt verð kr 9.990

**Electrolux ZB-2906 Léttryksuga**  
 Hlaðanleg kraftmikil léttryksuga með mótordrífnum bursta. Hentar á öll gólfefni. Enginn poki. Hleðslustandur fylgir. Fullt verð kr. 18.990

**6.990**  
**30% AFSLÁTTUR**

**14.990**  
**SPARAÐU 4.000**



**BAÐ- & ELDHÚSVOGIR**

**40% AFSLÁTTUR**

Flottar bað- og eldhúsvogir. Hárnákvæmar og ymist úr gleri, stáli eða plasti. Allar stafrænar með skjá.

Baðvogir úr gleri með LCD skjá verð frá 1.794.-  
 Eldhúsvogir með LCD skjá og skál verð frá 1.794.-

**VERÐ FRÁ OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 1.794**  
**40% AFSLÁTTUR**



**TOPCOM 10002637 Nuddtæki**  
 Kröftugt nuddtæki með stillanlegum titringi. Infrarautt ljós örvar blóðrásina. Hægt að losa höfuðið frá og festa á hendina til að veita þægilegt nudd. Fullt verð kr. 9.990

**7.490**  
**25% AFSLÁTTUR**

**TOPCOM 10002480 Háls- & herðanuddkragi**  
 Tilvalið fyrir þreyttar herðar og háls. 2 hraðastillingar. Fullt verð kr. 8.990

**4.990**  
**45% AFSLÁTTUR**

**TOPCOM 10003048 Blóðþrýstingsmælir**  
 Afar nákvæmur og vandaður blóðþrýstingsmælir fyrir únlíð. Getur geymt síðustu 40 mælingar fyrir 3 aðila í minni. Mælir óreglulegan hjartslátt. Mælir blóðþrýsting 30-280 mmHg. Fullt verð kr. 6.990

**3.990**  
**SPARAÐU 3.000**

**TOPCOM 10002445 Nuddsæti**  
 Mjög öflugt Shiatsu nudd með löngum hringlaga hreyfingum upp og niður og til hliðar. Fjarstýring fylgir. Punktanudd og infrarautt ljós með hita. Prófaðu nuddsætið í verslun okkar. Fullt verð kr. 24.990

**19.990**  
**SPARAÐU 5.000**



**SPARAÐU NÚNA!**

**SMÁTÆKJA BOMBA**

Hljóðlátasti blandarinn á markaðinum!  
**Powermix SILENT**

The quietest blender ever by Electrolux

**Electrolux ESB-4400 Blandari**  
 Byltíngarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Prihyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Fullt verð kr 19.990

**OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 14.990**  
**25% AFSLÁTTUR**

**HLJÓÐLÁTUR** **MALAR ÍS**



**BRAUN Oral-B DB-4010 Rafhlöðudrífinn tannbursti**  
 Fáðu betri tannheilsu og skínandi bros með þessum sniðuga rafhlöðudrífna tannbursta frá Oral B. Fullt verð kr. 3.990

**2.490**  
**38% AFSLÁTTUR**

**BRAUN Oral-B D-12513 Hlaðanlegur rafmagnstannbursti**  
 Gæða tannbursti frá Oral B, merkinu sem flestir tannlæknar í heiminum mæla með. Hausinn snýst 7600 snúninga á mínútu. Vísindalega sannað að mun betri árangur næst til að hreinsa burtu tannstein og óhreinindi á yfirboði tannana með rafmagnstannbursta. Þú verður að prófa. Fullt verð kr. 5.990

**3.990**  
**34% AFSLÁTTUR**



**TRISTAR BR-2122 Brauörist í burstuðu stáli**  
 Flott tveggja sneiða brauörist með mylsnubakka og affrýstingu. Fullt verð kr. 4.990

**3.990**  
**20% AFSLÁTTUR**

**TRISTAR VS-3908 Þriggja hæða gufusuðupottur**  
 Með gufusuðu varðveitast vítamín, bragð og áferð á grænmeti, fisk, kartöflum, grjónum og fleira. Hugsaðu um heilsuna. Fullt verð kr. 11.990

**9.990**  
**20% AFSLÁTTUR**



**Electrolux EKF-5220 Kaffivél stál**  
 Vaknaðu upp við ilminn af nýlögðu kaffi þegar þú vilt. 24 tímaklukkan ræsir vélna. Sjálfvirkur öryggisútsláttur eftir 120 mínútur.

- ✓ Aroma bragðstilling
- ✓ Kraftmikil með 1100W elementi sem tryggir rjúkandi heitt kaffi
- ✓ Burstuðu stáli
- ✓ Verð áður kr. 14.990

**9.990**  
**34% AFSLÁTTUR**

**Electrolux EEWA-5200 Hraðsuðukanna 1 líter**  
 Þessi glæsilega hraðsuðukanna úr burstuðu stáli tekur 1 líter og sýður á metlita með 2400W hitaelementi. Fullt verð kr 9.990

**7.490**  
**25% AFSLÁTTUR**

**Electrolux ESTM-4600 Töfrasproti**  
 Vandaður töfrasproti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótör. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir til að laða fram veislumat í eldhúsinu. Fullt verð kr 11.990

**9.990**  
**20% AFSLÁTTUR**

**TOPPMÓDEL!**



**Rafha ehf**

**Opið** virka daga 9-18  
 Laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
 Sími 5880500  
**www.rafha.is**

Engar sérreglur gilda um knattspyrnumenn:

## Ekki ósnertanlegir

Fyrirliði íslensks landsliðs lét hafa eftir sér, hlæjandi, í viðtali í síðustu viku að albanska þjóðin væri mestmegnis glæpamenn og land þeirra væri ekki upp á marga fiska. Albanir voru eðlilega ekki sáttir og í kjölfarið þurftu margir að biðjast afsökunar á ótrúlegu dómgreindarleysi fyrirliðans, meðal annars hann sjálfur.

Knattspyrnusamfélagið, samherjar fyrirliðans og fleiri hafa þó gert lítið úr ummælum hans. Einn liðsfélagi hans sagði eftir leikinn að Aron meinti ekki það sem hann sagði: „Við gerðum grín að honum fyrir þetta en enginn okkar var að stressa sig á þessu.“ Landsliðsþjálfarinn sagði að hann vonaðist til að fyrirliðinn myndi læra af mistökum sínum. Sá eini innan

hreyfingarinnar sem sýndi snefil af læsi á alvarleika málsins var formaður Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), Geir Þorsteinsson.

Það má velta því fyrir sér hvort sé alvarlegra, ummælin sjálf eða sú staðreynd að flestir í kringum landsliðið virðast ekki gera sér nokkra grein fyrir því hversu rangt það er af fyrirliða að segja svona lagað. Hann missti hvorki fyrirliðabandið né stöðu sína í liðinu. Hann mun áfram koma fram sem fulltrúi okkar á alþjóðavettvangi og hafa áhrif á það hvernig aðrir í heiminum upplifa Ísland og Íslendinga.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem KSÍ eða fulltrúar á þess vegum hafa gert sig seka um hegðun sem sýnir algjört virðingarleysi gagnvart öðrum. Vorið 2008 greindu fjölmiðlar frá því að bygging nýrrar stúku við Laugardalsvöll hefði farið langt fram úr áætlun. Við verklok sendi KSÍ Reykjavíkurborg, og skattgreiðendum, reikning sem var tvöfaldur á við það sem borgin hafði samþykkt að greiða. Óháð úttekt sýndi að framúrkeyslan og skyldan til að greina frá henni lá öll hjá KSÍ.

Í nóvember 2009 var upplýst að fjármálastjóri KSÍ hefði glatað 3,2 milljónum af kreditkorti sambandsins á nektardansstað í Sviss fjórum árum áður. Hann sagðist hafa verið sofandi á staðnum á meðan kortið var misnotað. Í tilkynningu frá KSÍ vegna málsins kom fram að í ljósi þess að starfsmaðurinn var „áminntur á sínum tíma mun stjórnin ekki aðhafast frekar í máli hans“.

KSÍ ákvað að setja sér síðareglur eftir þetta. Í þeim segir meðal annars að „fulltrúar mega ekki misþjóa virðingu einstaklinga, eða hópi einstaklinga, með orðum eða athæfi sem bera í sér fyrirlitningu, manngreinaralit eða mannorðsspjöll hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð eða kynhneigð“. Á heimasíðu KSÍ má líka finna upplýsingar um ellefu gildi UEFA. Í þeim segir að „virðing er lykillífsregla í knattspyrnu. Virðing fyrir leiknum, heilindum, fjölbreytileika, reisu, heilsu leikmanna, reglum, dómaramum, mótherjum og stuðningsmönnum“. Orð fyrirliðans og viðbrögð samherja hans ganga algjörlega gegn ofangreindu.

Knattspyrnumenn og fylgihnettr þeirra verða að gera sér grein fyrir því að há laun, sportbílar, tískuhúðflúr og geta til að skjóta í skeytin gera þá ekki undanþegna almennum leikreglum samfélagsins. Þeir eru ekki ósnertanlegir. Gjörðum þeirra verða að fylgja afleiðingar. Það er algild regla í samfélagi manna. Hún á líka að eiga við í samfélagi knattspyrnumanna.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLÉGG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLÉGGI: Ari Edwald  
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:

## Hagnýtt bókhaldsnám

Hagnýt námskeið fyrir þá sem vilja læra mikið um nútíma bókhald:

- Hagnýtt bókhald**  
Hefst: 1. nóvember/94 stundir/verð: 109.000,-
- Hagnýtt bókhald II**  
Hefst: 5. nóvember/58 stundir/verð: 99.900,-
- Hagnýtt bókhald I+II**  
Hefst: 1. nóvember/153 stundir/verð: 189.000,-
- Hagnýtt bókhald I+II**  
Hefst: 30. janúar/153 stundir/verð: 189.000,-

Meira en 930 einstaklingar hafa lært bókhald hjá okkur.  
1 stund = 40 mínútur

**Tölvunám TV til betri verka**  
– hringdu núna í síma 520 9000  
– og skoðuðu mikið úrval námskeiða á [www.tv.is](http://www.tv.is)

**TÖLVU- OG VERKFRÆÐISJÓNUSTAN**  
43.500 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 [www.tv.is](http://www.tv.is)

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hræddur maður

Fordómar eru birtingarmynd ótta við það óþekkt. Þetta er rétt að hafa í huga þegar orð Páls Vilhjálmssonar, sem er vist blaðamaður, um þjóðir á Balkanskaga eru lesin. Páll, sem er framkvæmdastjóri Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðisinnar í Evrópumálum, opinberaði þá skoðun sína um helgina að það væri almenn vitneskja að glæpir og ofbeldi væru hluti af menningu þjóða á Balkanskaga. Fordómar Páls gegn þeim tæplega 60 milljónum manns sem byggja Balkanskagann eru sorglegir.



### Heimssýn hvað?

Enn sorglegri eru þeir í ljósi þess að Páll er framkvæmdastjóri Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðisinnar í Evrópumálum. Nafnið Heimssýn átti að leggja áherslu á víðsýni félaganna og losa þá við þann stimpil að þeir væru heimóttarlegir. Hefur enginn sagt Páli frá því?

### Til starfa á RÚV?

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lætur senn af þingmennsku, en hún sækist ekki eftir endurkjöri í vor. Eðli-

lega vakna upp spurningar um hvað Þorgerður hyggst taka sér fyrir hendur, en hún var á meðal þeirra sem sóttu um stöðu forstjóra Hörpu en fengu ekki. Þorgerður Katrín hefur reynt af menningarmálum, var eitt sinn ráðherra þess málaflokks, og nú er einmitt staða á því sviði laus; dagskrárstjóri Ríkisútvarpsins. Sæki Þorgerður um þá stöðu tekur Páll Magnússon afstöðu til ráðningar hennar, en hún réð hann einmitt sem útvarpsstjóra á sínum tíma.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR



## Missir á meðgöngu og barnsmissir

### Samfélagsmál



Guðbjartur Hannesson velferðarráðgjafi

Í dag, 15. október, stendur stuðningshópurinn Englarnir okkar fyrir minningaráthöfn um missi á meðgöngu og barnsmissi í Hallgrímskirkju. Athöfnin hefst kl. 19.30. Það er von hópsins að dagurinn verði eftirleidis helgaður hinni hljóðu sorg sem slíkum missi fylgir.

Þegar barn er í vændum er tilhlökkunin venjulega mikil, allar væntingar standa til þess að í heiminn verði borinn einstaklingur sem foreldrar og aðrir aðstandendur eiga eftir að njóta framtíðarinnar með.

Á hverju ári verður þó fjöldi fólks fyrir þeirri djúpu sorg að framtíð þessa litla einstaklings verður að engu, þegar barnið fæðist andvana, of enma til að eiga sér líf, eða deyr eftir fæðingu. Eftir sitja foreldrarnir með brostnar vonir, tóma vöggu og þunga sorg sem engin orð duga til að lýsa. Þó eignum við orð sem lýsa börnum án foreldra, mökum án maka en ekkert orð yfir það að vera foreldri sem misst hefur barn.

Sorgin vegna framtíðarinnar sem ekki varð er þó ekki einungis foreldranna. Hún er líka sorg ömmu og afa, systkina, frænda, frænku og vinanna. Allt

þetta fólk upplifir sorgina með ástvinum sínum.

Viðbrögð og viðmót gagnvart þeim sem verða fyrir þessari sáru reynslu hefur á undanföllum árum og áratugum breyst mikið til batnaðar. Áður fyrr var reynt að „hlífa“ fólki við sorginni með því að láta sem ekkert hefði gerst og því eru margir sem ekki hafa fengið tækifæri til að vinna úr missi sínum og sorg. Eins eiga margir erfitt með að sýna hluttekningu sína, finna ekki orðin eða vita ekki hvað er videigandi í þessum erfiðu aðstæðum. Framtak stuðningshópsins Englanna okkar er mikilvægt, því með opinni umræðu vill hópurinn styðja við aðstandendur þeirra sem missa með því að sýna hluttekningu í sorginni. Orð eru oft óþörf, nærvera, fadmlag eða hlýtt handtak segir svo margt.

Um leið og ég þakka samtökunum Englonum okkar þetta þarfa framtak, vil ég á þessum degi hvetja þá sem um sárt eiga að binda eftir missi á meðgöngu eða barnsmissi að sækja athöfnina í Hallgrímskirkju eða nýta daginn með þeim hætti sem hverjum þykir best hæfa tilfinningum sínum við þessar aðstæður.

# Óður um þjóð

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur

Á dögunum voru hér norskir sveitastjórnarmenn þeirra erinda að kaupa Íslendinga. Þá vantaði gott fólk í álverið sitt – vinnusamt og vel menntað fólk eins og Íslendinga því að nú orðið vill fólki þeirra víst frekar flytja í stóru borgirnar. „Hjá okkur er nóg vinna,“ sögðu þeir – sem hljómaði kunnuglega – en þeir bjóða líka upp á ýmislegt fleira þarna úti, skilst manni: Þar er líka nógur tími fyrir fjölskyldulíf, þar ríkir ekki ströng krafa um að skarta iPhone 7 á mannátum eða aka um á einhverjum af þessum svörtu herjippum sem líta út eins og stækkaðir kakkalakkar. Þessi íslenska eftirsókn eftir dýru dóti er kennd við lífsgæðakapphlaup en á náttúrlega meira skylt við lífsgæðabrotthlaup. Og margir vilja flýja það og komast í raunveruleg lífsgæði, sem felast í góðu lífi.

Nóg vinna. Nógur tími. Nógur peningur. Nógurur. Maður heyrir að þar séu lífsgæðin og að þangað flykkist fólk.

En maður heyrir líka um fólk sem fór til Noregs út úr ógöngunum hér og fékk góða vinnu á góðum stað á góðum launum – nóg af öllu, ekki síst hvert öðru, fékk að vera samvistum hvert við annað löngum stundum en sneri svo aftur heim til Íslands. Var það vegna þess að það vissi ekki hvað það ætti eiginlega af sér að gera, svona saman? Langaði það kannski í nýjan iPhone sem yrði litinn hornauga þarna í Janteloven-fylki? Eða náði það bara ekki alveg að tengjast því sem þar var?

## Að skipta um þjóð

Að tengjast. Það er alveg hægt að skipta um þjóð, og er oft gert. En það er ekki alltaf einfalt mál, og gæti jafnvel verið erfiðara að tengjast skyldri en ólíkri þjóð; þar sem ólík gildi hafa vaxið fram. Ég fór að hugsa um þennan þjóðamun um daginn þegar ég sá bókakápu á nýrri bók sem hefur að geyma uppskriftir á þrjónaskap norskra hjóna. Nánar til tekið voru þetta jólakúlur sem maður þrjónar fyrir jólin og hengir á jólatré. Þetta eru tveir karlmenn og þeir sitja þarna saman á bóka-kápunni með þrjónana sína og það er fallegur hjónasvipur á þeim. Þeir eru í norskum lopapeysum og þeir eru á einhvern máta, sem erfitt er að skýra, ákaflega norskir að sjá, yfirbragðið, andlitfallið, látbragðið, en um leið eru þeir hommalegir, hvernig þeir halla undir flatt, hvernig þeir halda á þrjónunum. Mjög norskir hommar, eiginlega „húmmar“.

Hvað er þetta eiginlega, þetta „þjóð“? Það er nú það. Sumir segja: Þjóð er blóð. Vilja meina að þetta snúist um ættir og skyldleika, gen sem þar sem allt sé geymt. En við vitum að það er ekki alveg svo. Aðrir segja: Þjóð er stóð; og eiga við að um sé að ræða hóp einstaklinga sem fari um saman í flokki – en maður á eftir að sjá þann sem treystir sér til að reka Íslendinga í eina átt. Enn aðrir segja: Þjóð er ljóð. Þá er átt við að þjóð sé skáldleg hugmynd, heilaspuni, varla til sem slík – en það er heldur ekki alveg svo. Þjóð er þjóð, segja loks einhverjir og vilja sjá þjóð sem einingu sem allir geta aðlagast og aðlagast getur öllum. En það er ekki alveg svo, því miður.

Hvað er þjóð? Allt þetta sem

framan var sagt og miklu meira til. Þjóð er samfélag þar sem þróast hafa ótal siðir, tungumál, taktar, sögð og ósögð tákni – til dæmis lopapeysumynstur. Lopapeysan varð tákni um hið alíslenska í róti og hrúni og fallvöltum heimi en mynstrið í henni var hannað um miðja 20. öldina eftir grænenskum fyrirmyndum, af Auði Laxness. Hún er dæmi um erlenda menningu sem tengist því sem fyrir er svo vel að það er eins og þetta hafi alltaf verið svona. Ferskeytlan íslenska er annað dæmi. Hún kemur frá Englendingum en þróaðist á sinn sérstaka hátt hér.

## Lífsgæði

Þjóð er opið kerfi. Þéttofið net sem sífellt stækkar í nýjar áttir meðan aðrir endar dingla ótengdir. Með hverjum nýjum

einstaklingi sem tengist inn í þessa einingu koma nýir eiginleikar, nýr hugsanamáti sem bæði dregur dóm af ríkjandi hugsanamáta og bætir einhverju við hann, ný líkamstjáning sem

sem við erum að missa úr samfélaginu okkar, úr netinu okkar, það gæti margt alveg hugsað sér að búa hér vegna þess að hér er svo margt eftirsóknarvert sem vegur upp á móti því sem

Íslensk fyrirtæki og stofnanir geta aldrei keppt við norsk fyrirtæki um launakjör. Eitt-hvað annað þarf að koma til, ef ekki á að verða stórkostlegur landflótti héðan næstu árin í framhaldi af þeim sem þegar hefur átt sér stað. Það þarf að vera eftirsóknarverðara að búa á Íslandi en nú er; við þurfum að eignast stjórnámamenn sem hafa áhyggjur af háu matarverði og lágu launum og erfiðri lífsbaráttu raunverulegs fólks sem hvorki er stórfenglega skuldbætt né bláfátækt. Við þurfum ráðamenn sem líta á það sem hlutverk sitt að sjá til þess að hér sé ekki fyrst og fremst göfugt eða rétt að búa heldur að hér sé gott að búa; hlutverk þeirra sé að búa í haginn fyrir raunveruleg lífsgæði. Við þurfum að hefja lífsgæðakapphlaupið.



Þjóð er samfélag þar sem þróast hafa ótal siðir, tungumál, taktar, sögð og ósögð tákni – til dæmis lopapeysumynstur.

hið sama gildir um; göngulag, handahreyfingar, hlátur, orð, stæll.

Fólk vill gjarnan búa hér á Íslandi – heilbrigðisstarfsfólkið og verkfræðingarnir, iðnaðarmennirnir og annað faglaert vinnuafli – allt þetta góða fólk

býðst annars staðar; hér er fjölskyldan, kunnuglegar línurnar í landinu, lyktin af hafinu og fuglarnir, rokið, tungumálið, sögurnar og þankagangur sem þarf ekki að útskýra. Það tilheyrir sem sé þessu óljósa en þó skýra mengi: þjóð. En þetta dugir ekki.

## Innri markaðurinn 20 ára!

**Utanríkisráðuneytið, sendinefnd ESB á Íslandi og Evrópustofa efna til málstofu þriðjudaginn 16. október 2012 kl. 16:00-17:30 á Hótel Borg, Gyllta salnum, í tilefni af 20 ára afmæli innri markaðar ESB.**

**Lítil og meðalstór fyrirtæki – tækifæri á innri markaði ESB**

**Dagskrá:**

- ▶ Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.
- ▶ Gauti Marteinnsson, verkefnisstjóri Evrópumíðstöðvar, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- ▶ Herweig Lejsek, stofnandi og framkvæmdastjóri Videntifier Forensic.
- ▶ Piotr Banas, stjórnarsvið innri markaðar og þjónustu, framkvæmdastjórn ESB.

Stjórnandi umræðu: Kristín Halldórsdóttir, forstöðumaður Enterprise Europe Network, Evrópumíðstöð.

**Umræður og spurningar úr sal. Móttaka með léttum veitingum.**

**Fundurinn er öllum opin.**

**Innri markaður Evrópu varð að veruleika árið 1992 og nær í dag til yfir 500 milljón manna í 27 aðildarríkjum ESB og EES ríkjanna þriggja; Íslands, Noregs og Liechensteins.**

### Vissir þú að:

- ▶ EES samningurinn tryggir að Íslendingar geta búið, stundað nám og unnið í hvaða landi innri markaðarins sem þeir kjósa.
- ▶ EES samningurinn veitir Íslendingum rétt til þátttöku í fjölda samstarfsáætlananna ESB á sviði mennta-, menningarmála og rannsóknna.
- ▶ Viðskipti milli ESB ríkja jukust úr 800 milljörðum evra árið 1992 í 2.540 milljarða evra árið 2010.
- ▶ Árið 2011 fór 82,7 % af vöruútflutningi Íslands til annarra ríkja á innri markaðinum.



89

**HERDÍS ÞORVALDSSDÓTTIR**, leikkona og umhverfisverndarsinni, er 89 ára í dag. „Hvor á meiri rétt á þessu landi í dag, mannkindin eða sauðkindin? Mannkindin þarf að fara eftir alls konar reglum í umgengni við landið en sauðkindin engum, í umboði eigenda sinna. Við borgum bara þegjandi.“

PETTA GERÐIST: 15. OKTÓBER 1994

## Helgi Áss verður heimsmeistari

Þennan dag árið 1994 varð Helgi Áss Grétars-son heimsmeistari í skák í flokki 20 ára og yngri. Heimsmeistaramótið fór fram í Brasilíu og fyrir síðustu umferðina ríkti mikil spennan. Efst og jöfn með átta vinninga voru þrjú ungmenni: Helgi Áss, ungerska stúlkan Soffía Polgar og hinn þýski Christopher Gabriel. Soffía Polgar tefldi við Spangenberg frá Argentínu og lauk þeirri skák með jafntefli. Helgi Áss og Gabriel mættust í úrslitaskákinni. Helgi Áss hafði hvítt og upp kom drottningarbragð. Skákin varð strax afar spennandi og báðir urðu knappir á tíma í lokin. Í þokkalegri stöðu tók Gabriel þá orlagaríku ákvörðun að fórna drottningunni og það varð honum til falls. Helgi náði yfirhöndinni með því að gefa sína til baka og verða þessi yfir í endatafli. Hann tefldi af miklu öryggi og varð fyrsti Íslendingurinn til að vinna sigur í flokki 20 ára og yngri, aðeins sautján ára að aldri. Með heimsmeistaratitlinum var hann útnefndur stórmeistari.



## Danshöfundur leitar að útsaumsmyndum

Sviðsverkið „Já, elskan“ eftir Steinunni Ketilsdóttur danshöfund verður frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu þann 29. desember næstkomandi.

Aðstandendur leita nú að útsaumsmyndum sem koma til með að spila stórt hlutverk í leikmynd verksins en hönnuður hennar er Jóni Jónsdóttir myndlistarmaður.

Krossaums- eða útsaumsmyndir eru til á mörgum heimilum og tengjast oft fjölskyldum og minningum fólks. Því leitar hópurinn nú að útsaumsmyndum myndum sem kannski liggja gleymdar á heimilum fólks.

Ahugasamir geta hringt í síma 862-6023, sent tölvu-



„JÁ, ELSKAN“ Höfundurinn Steinunn Ketilsdóttir og aðstandendur leita nú að útsaumsmyndum sem koma til með að spila stórt hlutverk í leikmynd verksins.

póst á jaelskan@gmail.com eða komið við á Dansverkstæðinu, Skúlagötu 30 milli klukkan 10 og 17 í þessari viku.



FREYSTEINN SIGMUNDSSON Segir Evrópustyrk að andvirði 950 milljóna króna bæði munu koma vísindamönnum til góða og almenningi en markmiðið er að spá betur og fyrir fyrir um eldgos.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

FREYSTEINN SIGMUNDSSON: FER FYRIR ALÞJÓÐLEGU RANNSÓKNARVERKEFNI

## Ofurstöð í eldfjallafræði undir forystu íslenskra vísindamanna

„Fyrir háskólann og Veðurstofuna er þetta mikilvæg viðurkenning á því starfi sem búið er að vinna á undanförunum árum,“ segir Freysteinn Sigmundsson, jarðeðlisfræðingur við Norræna eldfjallasætrið á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

Freysteinn er stjórnandi viðamikils samvinnuverkefnis evrópskra háskóla, stofnana og fyrirtækja, „Ofurstöðvar í eldfjallafræði – FutureVolc“, sem miðar að því að samþætta vöktun og rannsóknir á eldfjöllum. Verkefnið hefur fengið vilyrði fyrir tæplega sex milljóna evra styrk frá Evrópusambandinu, jafnvirði um 950 milljóna króna. Styrkurinn er sá hæsti sem íslenskur vísindamaður hefur fengið til að stjórna Evrópuverkefni og munu

### EYJAFJALLAJÖKULL KVEIKJAN AÐ VERKEFNINU

Kveikjan að verkefninu er meðal annars eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010 en eins og kunnugt er olli það töluverðri röskun á flugi í Evrópu. Með samhæfðu evrópsku eldfjallavöktunarkerfi má meðal annars draga úr þeim áhrifum sem slík gos geta haft, til dæmis á flugumferð.

Ísland varð ekki síst fyrir valinu sem stjórnstöð rannsóknarinnar þar sem eldfjöll hér eru virk og eldstöðvarnar ólíkar. Með því að tengja saman núverandi vöktunarkerfi og nýjustu rannsóknir á að þróa því sem næst rauntímamat á íslenskum eldfjöllum og ástandi þeirra. Aðferðirnar geta síðan nýst annars staðar í heiminum.



„Þessi styrkur er mjög mikilvægur fyrir rannsóknarstarf á Íslandi [...] vegna tengslanetsins sem við fáum.“

Íslenskir þátttakendur verkefnisins fá um þriðjung fjárins. „Okkur eru treyst fyrir háum fjármunum úr sjóði þar sem mikil samkeppni er um fjármagnid,“ segir Freysteinn.

Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofa Íslands eru leiðandi í verkefninu en aðrir íslenskir aðilar sem taka þátt í því eru almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og upplýsingatæknifyrirtækin Miracle og Samsýn sem starfa á sviði kortagerðar, landupplýsinga- og stjórnkerfa. Reiknað er með að samanlagt komi vel á annað hundrað evrópskir vísindamenn.

„Þessi styrkur er mjög mikilvægur fyrir rannsóknarstarf á Íslandi, bæði

vegna þess að þetta er há fjárhæð, beint og óbeint, og ekki síður vegna tengslanetsins sem við fáum. Þarna eru saman komnir 26 aðilar í tíu Evrópulöndum, leiðandi stofnanir á sviði eldfjallarannsókna.

Markmið verkefnisins, sem stendur næsta þriðja og hálfu árið, er að þróa nýjar leiðir til að meta eldgos og fyrirboða þeirra og kemur það þannig til með að geta nýst almenningi á Íslandi og í Evrópu með beinum hætti.

„Við stefnum að því að þróa nýtt kerfi til eldfjallavöktunar, þar sem við samþættem mismunandi fræðigreinar og samtúlkum gögn á skilvirkari hátt en áður, flýta úrvinnsluferli, þróa ný mælitæki og tengja þetta inn í nýtt viðvörðunarkerfi og samstarfsnet fyrir eldfjallarannsóknir. Bæði getum við ráðið fólk í ný störf inn á viðkomandi svið, við fáum tækjabúnað sem verður komið fyrir á eldfjöllum, við ætlum að þróa ný tæki og síðan fáum við formlegt, öflugt samskiptanet í eldfjallafræði.“

Freysteinn segir ávinninginn af

þessum rannsóknum geta orðið mikinn fyrir almenning á Íslandi og í Evrópu, ekki síður en fyrir vísindamenn. „Almannavarnir koma til með að fá betri upplýsingar um fyrirboða eldgosa og atburðarás í eldgosi og þaðan fara upplýsingarnar áfram til yfirvalda og almennings. Þetta getur skipt miklu máli, bæði í námunda við gosstöðvar og við gerð spálkana um öskudreifingu í háloftunum, sem nýst flugsamgöngum.“

Þótt verkefnið sé yfirgripsmikið segir Freysteinn það geta hafist nokkuð fljótt.

„Í umsókninni um styrkinn lögðum við fram ýtarlegt yfirlit um þau verkefni sem átti að vinna. Fyrsti verkefnisfundurinn með öllum samstarfsaðilum var haldinn fyrir helgi, þar sem við fórum yfir sviðið og lögðum línurnar. Við erum því að byrja en erum með skýra og nákvæma áætlun um hvernig við ætlum að ná markmiðum okkar næsta þrjú og hálf ári.“

bergsteinn@frettabladid.is



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR STEINDÓRSSON**  
bifreiðastjóri,  
Völvufelli 44, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 3. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 16. október kl. 15.00. Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði.



**Erla Lísa Sigurðardóttir**  
Jónas Steindór Óskarsson  
Sigurður Óskar Óskarsson  
Hjörleifur Haukur Guðmundsson  
Kolbrún Pálína Hafþórsdóttir  
Sigríður Einarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

**María Erla Hilmarsdóttir**  
Þórunn Edda Björgvinsdóttir  
Brynja Bergdís Prastardóttir  
Páll Heiðar Magnússon  
Ragnar Þórarinn Bárðarson



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbjörgur Þórðarsen

**Alhliða útfararþjónusta**

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



**Útfararþjónustan ehf.**

Stofnað 1990



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**BRETTI Í LITUM**  
Til að forðast að bakteríur berist á milli matvæla er best að nota skurðbretti í mismunandi litum. Einn lit fyrir fisk, annan fyrir kjöt og þann þriðja fyrir grænmeti. Í skurðskorum í brettinu felst smíthætta. Þvoðu brettið með sjóðandi vatni eftir notkun.



## Myndlistavörur í miklu úrvali



LISTALAGERINN  
JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.  
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 900 - www.jarnogler.is

## BLÚNDUPOSTULÍN

**KERAMIKHÖNNUN** Arnlaug Borgþórsdóttir er keramikhönnuður og hjúkrunarfræðingur í Blóðbankanum sem sækir innblástur til mannlíkamans en líka til gamalla blúndudúka.

Mamma var að laga til í geymslunni hjá sér og fann þar kassa með gömlum blúndum úr búi ömmu. Ég tók kassann með mér heim til að skoða og prófaði mig svo áfram á verkstæðinu með að pressa dúkana ofan í leirinn. Úr urðu kökudiskar, bollar, kertastjappar og eyrnalokkar með blúndumunstri," segir Arnlaug Borgþórsdóttir, keramikhönnuður sem hefur undanfarið ár unnið að línu postulínsmuna með blúndumunstri. „Ég hef átt í hálfgerðu ástarsambandi við þennan kassa og blúndur síðan. Ég er farin að safna blúndum alls staðar frá og róta á flóamörkuðum í útlöndum eftir blúndum. Mamma kemur líka alltaf heim með blúndur handa mér þegar hún fer til útlanda. Sjálf er ég nefnilega ekki hannyrðakona, fyrir utan leirinn, og hekla hvorki né þrjóna.“

Arnlaug segir ömmu sína hafa verið mikla hannyrðakonu og húsmóður og því viðeigandi að blúndudúkarnir hennar hafi fengið nýtt líf í nýjum hlutum. „Amma var flink að baka og elda svo þetta er hluti af henni líka. Ég vildi ekki nota dúkana sem dúka á borð heldur heillaði munstrið mig. Ég hef alltaf verið hrifin af munstrum og áferð og hef einnig prófað mig áfram með þrjónamunstur á postulín.“

Arnlaug er einnig hjúkrunarfræðingur og starfa sem slíkur í Blóðbankanum. Hún segist hins vegar alltaf hafa verið mikið fyrir að teikna og mála og segir að eftir að hún snerti á leir í fyrsta skipti á námskeiði hjá Önnu Sigríði Hróðmarsdóttur hafi ekki verið aftur snúið.

„Ég fór í leirlistanáms við Árhús Kunstakademi þegar ég bjó í Danmörku og útskrifaðist þaðan árið 2009. Kennararnir sáu hvað ég var hrifin af lífrænum formum og sögðu mér að vera ekkert að skilja við minn bakgrunn úr hjúkrunarfræðinni, heldur taka hann bara með mér inn í leirlistina. Í veggverkunum hef



ég því verið að sækja innblástur til þess sem er inni í líkamanum og til lífrænna forma," útskýrir Arnlaug en Boblur eru þrívíð myndlistaverk eftir hana til að hengja á vegg. „Boblurnar eru ekki nytjahlutir en það er gaman að raða þeim mörgum saman og búa þannig til stærra verk.“

En hvernig fer það saman að vera hjúkrunarfræðingur og keramikhönnuður? „Það fer vel saman. Í hjúkruninni

**ARNLAUG BORGÞÓRS-DÓTTIR**, hjúkrunarfræðingur og keramikhönnuður, er ein átta leirlistamanna sem standa að galleríinu Kálin á Skólavörðustíg. MYND/VILHELM

FRAMHALD Á SÍÐU 2

## ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

**SKORRI**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mánaða  
vaxtalausar  
greiðslur\*

ÝMIR, SAGA, FREYJA,  
ÞÓR OG ÓÐINN  
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur



ÝMIR rúm 153x203 aðeins kr. 124.900

**Tilboðsverð**

Valhöll heilsudýna  
5 svæðaskipt gormakerfi  
153x203 aðeins kr. 89.900

**Svefn & heilsa**



www.svefn.is

\*3,5% lántökugjald

**FINNDU MUNINN**

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

**Rafhitarar**  
í skip, hús og sumarhús

**Neysluvatnshitarar**  
Hitöld (element), hitastillar,  
hitastýringar og flest  
annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu  
sem við kemur rafhitun.



**Rafhitun**

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði  
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260  
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

**SÍBREYTTILEGT  
MYNDEFNI**

**Speglar í hnapp**

■ **ANTIKSPEGLAR ERU  
STAKASTA PRÝÐI**

Myndaveggir eru algengir á ís-  
lenskum heimilum og eru margir  
sem safna saman myndum  
af fjölskyldumeðlimum í einn  
hnapp. Sumir hafa ramma alla  
í stíl en aðrir raða saman ólíkum  
litum og formum. Enn aðrir  
safna antikrömmum og koma  
þeim haganlega fyrir á einum  
vegg.

Tilbrigði við þetta gæti verið  
að hengja upp antikspegla af  
ýmsum stærðum og gerðum.  
Þeir fanga þá birtu og form líð-  
andi stundar sem gerir myndefnið  
síbreytilegt. Þá



eru ramm-  
arnir  
yfirleitt  
stak-  
asta  
prýði.

**Eru ekki allir  
örugglega  
að fá sér  
D vítamín  
núna?**

**3**  
mánaða  
skammtur

**DLUX**  
1000

handhægi  
D-vítamín  
úðinn,  
hámarksnýting

BetterYou  
www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum  
og stórmörkuðum.



**KONJAK**

**VILT ÞÚ LÉTTAST HRATT  
OG ÖRUGGLEGA?**

Taktu inn 2 töflur af KONJAK + STÓRT  
glas af vatni 3x á dag hálf tíma fyrir máltíð



Fæst í heilsubúðum, apótekum og  
heilsuhillum stórmarkaðanna



■ FRAMHALD AF FORSIÐU

gefur maður mikið af sér en í  
leirnum er ég að gefa sjálfri mér til  
baka. Keramikvinnslan er langur  
og tímafreakur prósess og ég er  
frekar óþolinmóð að upplagi. Mér  
finnst því alltaf eins og að opna  
jólapakka að opna leirbrennslu-  
ofninn. Ég er líka heppin að hafa  
verkstæðið heima svo það er stutt  
að fara. En ég er með tvö börn á  
heimilinu og það þriðja á leiðinni  
svo oft vildi ég hafa fleiri klukka-  
tíma í sólarhringnum," segir Arn-  
laug hlæjandi. ■ heida@365.is



**BOBLUR** Hjúkrunar-  
fræðingurinn sækir  
innblástur til manns-  
líkamans.



**BLÜNÐU-  
DÚKAR FÁ  
NÝTT LÍF**

Arnlaug notar  
blündur úr búi  
ömmu sinnar í  
hönnun sína.

**BLÜNÐUR Á BORDI**  
Kökudiskar á fæti úr  
blündulínu Arnlaugar.  
MYND/ARNLAUG BORGÞÓRS-  
DÓTTIR

**S A F T**

**MUNDU AÐ EFNI  
SEM ÞÚ SETUR Á  
NETIÐ ER ÖLLUM  
OPIÐ, ALLTAF!**

Heimili og skóli  
www.saft.is

**ÓSKUM EFTIR  
SJÁLFBODALIÐUM Í  
FATABÚÐIR RAUÐA KROSSINS**

Rauði krossinn óskar eftir sjálfbodaliðum  
til starfa í fatabúðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Rauða kross búðirnar á höfuðborgarsvæðinu eru fjórar:

- Laugavegi 12
- Laugavegi 116
- Mjódd
- Strandgötu 24, Hafnarfirði

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband  
við Rauða krossinn í Kópavogi í síma 5546626 eða  
með tölvupósti á sandra@redcross.is.

**Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum**



Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur

**HEIMA VIÐ | SINDRI SINDRASON SJÓNVARPSMAÐUR**

**DUGLEGUR AÐ BREYTA OG  
BÆTA Á HEIMILINU**

■ Sindri Sindrason sjónvarpsmaður  
hefur í mörgu að snúast þessa dagana,  
meðal annars við upptökur á þætti  
sinum Heima. Hann fékk að svara  
nokkrum einföldum spurningum.

**Hvað ert þú helst að fást við þessa  
dagana?** Þessa dagana hamast  
ég við að ala upp dóttur  
mína í þeirri von að hún  
verði allt sem ég hefði  
aldrei getað orðið. Þá er ég  
í tókum á nýja þættinum  
mínum, Heimsókn, sem  
fer vel af stað og er í opinni  
dagskrá á laugardögum, á  
milli þess sem ég sinni starfi  
mínu sem aðstoðarráttgjafi Ís-  
lands í dag.

**Stendur þú í einhverjum fram-  
kvæmdum á heimilinu eða  
hefur nýlokið við?** Gallinn  
við að eiga hús er sá að það  
er að einhverju að huga í  
hverjum einasta mánuði og  
ég dauðsé eftir hverri ein-

ustu krónu sem fer í óspennandi verk-  
efni eins og að laga þakkant eða hurð á  
öskutunnugeymslu. Verr liði mér þó ef  
ég gerði ekkert í þessu.

**Ertu duglegur að breyta og bæta heima  
við?** Já, ég er sko alltof duglegur við að  
breyta og bæta við sem getur orðið  
ansi kostnaðarsamt.

**Er einhver hlutur sem þig  
langar sérstaklega mikið í þessa  
dagana?** Ég væri mjög svo til í  
skúlptúrverk eftir Sigurð Guð-  
mundsson.

**Hver er uppáhaldshluturinn þinn  
í eldhúsinu?** Það hlýtur að vera  
blandarinn sem fær að finna  
fyrir því á hverjum morgni þegar  
ráðist er í að gera boozt fyrir alla  
fjölskylduna.

**Hver er uppáhaldsstaðurinn  
þinn á heimilinu?** Það er mikil-  
vægt að í húsi séu staðir þar  
sem maður er ekki stressaður  
yfir neinu. Sjónvarpsherbergið  
mitt er sá staður og þar má  
gera allt.



**LANGAR Í LIST**  
Sindri er fjölskyldumað-  
ur og önnur kafinn við  
uppeldi dóttur sinnar.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður aug-  
lýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi  
viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum  
auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432  
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266  
Sigurður Samúelsson Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312  
Sveinn Eyland Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820  
Pórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309  
Kristberg Snjólfsón Sölufultrúi Sími 892 1931  
Eggert Mariuson Sölufultrúi Sími 690 1472  
Haralður Ómarsson Sölufultrúi sími 845 8286  
Sigurður Fannar Guðmundsson Sölufultrúi Sími 897 5930

### 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali



Auður Kristinsdóttir  
Sölufultrúi

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
www.fasteignasalan.is

## Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir



Fallegt, nýuppgerð eldhús með eyju í miðju.

## Glæsileg íbúð á Vesturgötu

Fold fasteignasala kynnir: Stórglæsileg íbúð á tveimur hæðum við Vesturgötu.

Stórglæsileg íbúð á neðri hæðum tvíbýlishúss við Vesturgötu. Á aðal hæðinni er opið rými með mikilli lofthæð, einstaklega vel hannað eldhús með nýrri

innréttingu og fallegum flísum á gólfi. Borðstofa og stofa með mikilli lofthæð og gegnheilu parketi. Einnig eru þar tvö svefnherbergi með gegnheilu parketi og skáp og baðherbergi. Á neðri hæð eru tvö herbergi, baðherbergi og setustofa með parketi. Gengið er inn í sameign á neðri hæð en þar er

sameiginlegt þvottahús með risi. Búíð er að tengja ljósleiðara inn í húsið. Rúmgóð sameiginleg geymsla er á lóðinni. Fallegur sólríkur bakgarður með palli og grasflöt.

Vesturgatan er í dag róleg vistgata. Verð 54,5 milljónir. Nánari upplýsingar gefur Fold fasteignasala, sími 552-1400.



FRÍTT VERÐMAT  
HRINGDU NÚNA

820 8081

Sýlvía G. Walthersdóttir  
sylvia@remax.is

RE/MAX  
Alpha

RE/MAX ALPHA • SKEIFUNNI 17 • 108 REYKJAVÍK • WWW.REMAX.IS

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Gústaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ruth Einarssdóttir  
sölufultrúi



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð




Finndu okkur á Facebook



OPIÐ HÚS

**Fróðengi 20 - 5 herbergja.**  
Vel skipulögð 141 fm endabúð á tveimur hæðum og stæði í lokuðu bílksýli. Þrjú góð svefnherbergi og möguleiki á fjórða. Tvennar svalir og mikið útsýni. Stutt í alla þjónustu. 90% fjármögnun möguleg til yfirtöku.  
**Opið hús í dag kl 18:00 - 18:30**  
Bogi sýnir 6993444.



OPIÐ HÚS

**Skúlagata 56 - 3ja herb.**  
Björt og vel skipulögð 3ja herbergja risibúð við Skúlagötu í Reykjavík. Tvö herbergi og björt stofa með suðursvolum. Áhvilandi lán 15,8 millj.  
**Verð 17,7 millj.**  
**Opið hús í dag frá kl. 17:30-18:00.**  
Finnboði sýnir 895-1098.



**Lómasalir - 4ra herbergja.**  
Sérlega falleg 4ra herbergja endabúð ásamt stæði í bílageymslu. Fallegar innréttingar og vönduð gólfefni. Glæsilegt útsýni allt til suðuresja. Laus fljótlega. **V. 30,9 millj.**



**Naustabryggja - 6 herbergja**  
Sérlega glæsileg, nýleg og vönduð 215 fm tveggja hæða íbúð með 4 svefnherbergjum og stórum og björtum stofum ásamt tveimur stæðum í lokaðri bílageymslu. **V. 46,9 m.**



**Kringlan - Sjónáhúsið - Til Leigu**  
Til leigu 698 fm skrifstofuhæð á 5. hæð. Í leigunni fylgir aðgangur að mótuneyti og fundarherbergjum á 6. hæð og líkamsrækt á jarðhæð ásamt bílastæðahúsi og bílastæðum utanhúss. Öll umferð um húsið er aðgangsstýrð og uppfyllir m.a. kröfur FME til eftirlistskyldra aðila. Horft er til langtímasamnings allt að 10 ára eða lengur. Tilbúð til afhendingar í janúar 2013.



**Faxatún - Einbýli.**  
Mikið endurnýjað 164,4 fm einbýlishús á einni hæð. Fjögur svefnherbergi. Parket og flisar á gólum. Glæsilegur garður í góðri rækt. Bílskúr. **Ekkert áhvilandi. Góð kaup!**



**Vesturhús - efri sérhæð**  
Rúmgóð ca 200 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr. Mikið útsýni, sólstofa og stórar svalir. Þrjú góð svefnherbergi og stórar stofur með mikilli lofthæð. Stutt í alla þjónustu. **Laus til afhendingar.**



**Tunguvegur - raðhús.**  
Vel skipulagt um 130 fm raðhús á þremur hæðum. Endurnýjað, hús nýlega viðgert o.fl. Möguleiki á 4-5 svefnherb. Góður sólpallur í suður í sérgarði. **V. 29,0 m.**



**Álfholt - Tvær íbúðir.**  
Fint 277 fm endarahús með tveimur íbúðum og innbyggðum bílskúr sem skiptist þannig: Aðalíbúð og ris 177 fm, íbúð í kjallara 59 fm og bílskúr 41 fm. Lóð frágengin. Miklir möguleikar. **V. 49,9 m.**



**Við leitum eftir;**  
Óskum eftir sérþygli, einbýli, par- raðhúsi eða stórrí hæð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu fyrir ákveðinn kaupanda. 3-4 svefnherbergi og bílskúr æskilegur. Upplýsingar veitir Bogi 6993444



**SÉRBYLI**



**Nesbali-Seltjarnarnesi**

Vel skipulagt 236,5 fm. raðhús á tveimur hæðum að meðtöldum 37,0 fm. bílskúr á þessum eftirsóttu stað á Seltjarnarnesi. Eignin er mikið endurnýjuð, m.a. er búið að endurnýja öll gólfefni, innréttingar, skápa og hurðir. Aukin lofthæð er í stofu og eldhúsi og innleidd lýsing. Rúmgóð og björt stofa, opið eldhús, sjónvarpsstofa, borðstofa innan sjónvarpsstofu með útgengi á stóra timburverönd til suðvesturs. Fjögur herbergi. **Bílskúr er í dag nýttur sem leikherbergi og geymsla. Verð 62,5 millj.**



**Asparteygur- Mosfellsbæ**

Vandað 223,5 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 21,5 fm. bílskúr. Rúmgóð stofa. Borðstofa opin við eldhús. Eldhús með vönduðum innréttingum og tækjum. Sjónvarpshol. Þrjú svefnherbergi. Fataherbergi innan hjónaherbergi. Badherbergi, flisalagt í gólf og veggi. Timburverönd til suðvesturs með skjólveggjum. **Lóð ófrágengin að framanverðu. Verð 49,9 millj.**




**Kvistaland.**

Glæsilegt einbýlishús á einni hæð á frábærum stað í Fossvogi. Húsið er samtals 272,9 fm. að stærð að meðtöldum 49,6 fm. bílskúr og um 40 fm. sólskála. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð og skiptist m.a. í eldhús með nýlegum háglans innréttingum, sjónvarpshol með útgangi á verönd, stóra borð- og setustofu, sólskála með heitum potti og fjögur herbergi auk fataherbergis auk litillar íbúðar sem hefur verið innréttuð í bílskúr. Ræktuð lóð. **Frábær staðsetning. Tíðböð óskast.**



**Hegrans - einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi**

Glæsilegt 260 fermetra einbýlishús með 41,5 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett á sunnan verðu Arnarnesi með miklu útsýni til sjávar. Húsið hefur verið mikið endurnýjuð og er í góðu ásigkomulagi. 4 svefnherbergi. **Mjög auðvelt er að stækka húsið ef vill þar sem lóðin er 1.517 fm. að stærð. Verð 99,0 millj.**



**Kaplaskjólsvegur**

Vel skipulagt og fallett 187,0 fm. endaraðhús á pöllum auk 30,0 fm. bílskúrs í vesturbænum. Stórar og bjartar stofur. Sjónvarpshol. Eldhús með góðri borðaðstöðu. 5 herbergi. Nýlega endurnýjuð badherbergi. Stórar suðursvalir og rúmgóð afgirt lóð til suðurs með hellulagðri verönd. **Hús í góðu ástandi að utan. Verð 59,0 millj.**



**Holtagerði - Kópavogi.**

221,0 fm. steiniklætt einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 60,0 fm. sambyggðum bílskúr. Stofa á tveimur pöllum, sólstofa/borðstofa, eldhús, fjögur herbergi og tvö badherbergi. Húsið hefur fengið gott viðhald. Falegur skjólsæll garður í góðri rækt til suðurs með um 70 fm. verönd og tengi fyrir heitan pott. **Hellulögð aðkoma. Verð 45,9 millj.**



**Tjaldanes - Garðabæ.**

Mikið endurnýjað 256,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórt hol/arinstofa með útgangi á verönd til suðurs. Stórar samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með vönduðum hvítum innréttingum. Hjónaherbergi með fataherbergi innan, forstofuherbergi og tvö barnaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan sem innan sl. ár. **Stór eignarlóð sem smýr til suðurs. Verð 84,9 millj.**



**Suðurmýri - Seltjarnarnesi.**

Fallett 159,8 fm. einbýlishús á Seltjarnarnesi. Húsið er upphaflega byggt árið 1940, en var síðan endurbyggt og stækkað árið 2002. Við húsið var byggður bílskúr sem nú er nýttur sem íbúðarrými. Einnig var rishæð með geymslulofti byggð ofan á húsið. **Eignin skiptist m.a. í rúmgóða stofu með aukinni lofthæð, borðstofu, eldhús og fimm herbergi. Verð 48,0 millj.**



**Lindarflöt - Garðabæ.**

Vel staðsett 309,4 fm. einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðum 36,0 fm. bílskúr niður við lækinn. Björt og rúmgóð borðstofa/hol með ami og mjög mikilli lofthæð. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með glæsilegu útsýni út í hraunið. Sólskáli með útgangi á verandir. 5 herbergi auk fataherbergis inn af hjónaherbergi. **Falleg ræktuð lóð með góðum veröndum, skjólveggjum og útiarni. Frábær staðsetning.**



**Leiðhamrar**

Fallett 170,0 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum/áföstum 28,6 fm. bílskúr í Grafarvogi. Eignin er vel staðsett við opið svæði á fríðsælum stað í botnlangagötu. Samliggjandi borð- og setustofa, sólstofa, sjónvarpshol með útgangi á svalir og fjögur herbergi auk fata- og vinnuherbergis. Háaloft er yfir allri efri hæðinni og stórkostlegs útsýnis nýtur þaðan. Ræktuð lóð með um 40 fm. timburverönd. **Hellulögð heimkeyrsla að bílskúr og göngustígur með hitalögnum. Verð 49,9 millj.**



**Haukanes- Garðabæ.**

Glæsilegt u.þ.b. 330 fm. einbýlishús á tveimur hæðum innst í götu og með frábæru útsýni á Arnarnesinu. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað hið innra á undanförmum árum og er í mjög góðu ástandi, bæði innan og utandyra. Stórar og glæsilegar stofur með mikilli lofthæð, miklum gluggum og ofanbirtu. Eldhús með vönduðum sérsníðuðum innréttingum. Fimm herbergi. Stórar og skjólgóðar verandir til suðurs með skjólveggjum og heitum potti. **Stór og ræktuð eignarlóð. Verð 99,0 millj.**



**Móaflöt-Garðabæ**

Fallett og vel staðsett 213,6 fm. einbýlishús með 50,4 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið var nýlega stækkað og nánast algjörlega endurnýjað hið innra. Nýtt eldhús með vönduðum tækjum, bæði badherbergi endurnýjuð, öll gólfefni og settur gólfhitu í húsið o.fl. **Fjögur svefnherbergi. Ræktuð lóð og visar til suðurs með útsýni út í hraunið. Verð 63,9 millj.**

**4 - 6 HERB.**



**Stigahlíð- neðri sérhæð ásamt bílskúr**

Vel skipulögð 149,4 fm. neðri sérhæð í nýviðgerðu þrjúbýlishúsi í Hlíðunum auk 28,5 fm. bílskúrs. Hæðin skiptist í forstofuherbergi gestasnyrtingu, eldhús, rúmgóða stofu/borðstofu með ami, þrjú herbergi á svefngangi og flisalagt badherbergi. Suðursvalir út af hjónaherbergi. Húsið er klætt að utan. **Tröppur nýlega múraðar. Verð 39,9 millj.**



**Straumsalir-Kópavogi. Glæsileg efri sérhæð á útsýnisstað.**

Glæsilegt 137,0 fm. efri sérhæð auk 21,3 fm. bílskúrs á frábærum útsýnisstað. Íbúðin er mjög björt og vel skipulögð. Allar innréttingar og gólfefni eru í ljósum víði. Rúmgóðar stofur með frábæru útsýni og útgengi á flisalagðar svalir til suðurs. Borðstofa. Eldhús með ljósum víðarinnréttingum. Fjögur rúmgóð herbergi. Flisalagt badherbergi bæði með baðkari og sturtuklefa. Sér þvotta-herbergi innan íbúðar. **Hitalagnir í innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. Verð 41,5 millj.**



**OPIÐ HÚS**

**Melhagi 17. Mikið endurnýjuð 5 herbergja hæð**

**OPIÐ HÚS Í DAG, FRÁ KL. 17.30-18.00**  
Mjög falleg og mikið endurnýjuð 5 herbergja 119,0 fm. hæð að meðtöldum 3,5 fm. geymslu í kjallara og 3,6 fm. geymslu í risi í góðu fjórþýlishúsi á þessum eftirsóttu stað. Eldhús opið í borðstofu með nýlegum eikarinnréttingu. Björt borðstofa með útgangi á skjólgóðar svalir til suðvesturs. Rúmgóð setustofa. Þrjú herbergi. Útgangi á svalir til austurs úr hjónaherbergi. Hæðin skiptist í húsið er nýlega viðgert og málað að utan. **Verð 40,0 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**



**Straumsalir-Kópavogi. 5 herbergja með 4 svefnherbergjum.**

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 5 herbergja 119,0 fm. hæð í 5 íbúða húsi. Fjögur svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með útgangi á um 12 fm. svalir til suðvesturs. Opið eldhús með fallegum innréttingum úr mahony. Frá íbúðinni nýtur stórkostlegs útsýnis að Reykjanesi, til Snæfellsjökuls og víðar. Stutt í skóla, sundlaug og íþróttasvæði. **Hús nýlega málað að utan. Verð 36,9 millj.**



**Stóragerði. Góð 4ra herbergja íbúð.**

Falleg og þó nokkuð endurnýjuð 99,9 fm. 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölþýlishúsi. Eldhús með nýlegum hvítum innréttingum. Björt stofa með útgangi á svalir til suðurs. Hjónaherbergi með nýlegum skápum. Tvö barnaherbergi. Badherbergi með þvottaadstöðu. Ný rafmagnstafla er fyrir húsið og rafllagnir í íbúðu eru nýlegar. **Húsið að utan var viðgert og málað fyrir fáum árum síðan. Verð 27,5 millj.**



**Ægisíða - efri hæð og ris**

Mjög falleg og vel skipulögð 150,0 fm. 5 herbergja hæð og ris í þessu fallega og reisulega húsi í vesturbænum. Björt stofa með miklum gluggum. Þrjú svefnherbergi. Stórar suðursvalir út af stofu og hjónaherbergi. Litlar grillisvalir út af eldhúsi. Kamína í stofu. Nýuppgert badherbergi. Nýlegir þakgluggar í risi. **Húsið var allt tekið í gegn að utan og steinað árið 2009. Verð 38,9 millj.**



**Sogavegur- efri sérhæð**

Glæsilegt 122,9 fm. 3ja - 4ra herbergja efri sérhæð í nýlegu húsi auk 24,5 fm. bílskúrs. Íbúðin er afar vönduð í alla staði. Sérsníðaðar innréttingar. Eikarparket og flisar á gólfum. Extra háar innihurðir úr eik. Rúmgóðar stofur með gólfisíðum gluggum. Tvö badherbergi. Útgangur úr hjónaherbergi á þakvalir ofan á bílskúr. Gólfhitu. **Hús að utan fullfrágengið og lóð frágengin að langmestu leyti. Verð 49,0 millj.**



**Drápuhlíð - 4ra herbergja**

Falleg og vel skipulögð 73,6 fm. 4ra herbergja risibúð, lítið undir suð. Rúmgott eldhús. Tvö herbergi. Badherbergi nýlega endurnýjað. Rúmgóðar samliggjandi stofur. Auðvelt að breyta annarri stofunni í svefnherbergi. Geymslur yfir íbúðinni. Rafllagnir og tafla fyrir íbúðina eru nýleg. **Laus til afhendingar fljótlega. Verð 25,9 millj.**

# VATNSSTÍGUR ÍBÚÐ / VINNUSTOFA GLÆSILEG EIGN Í HJARTA MIÐBORGARINNAR

Leikarinn Johnny Depp er hættur að drekka í þeirri von að hann nái frekar að viðhalda unglegu útliti sínu. Þetta kemur fram í slúðurblaðinu Star en þar er sagt að leikarinn hafi hreinsað heimili sitt af áfengi en Depp á bæði vinkjallara og vínekru í Frakklandi.

Depp hefur áður reynt að hætta að drekka án árangurs en samkvæmt heimildamanni Star ku leikarinn vera staðráðinn í að standast freistinguna í þetta sinn. Depp verður fimmtugur á næsta ári.



**ÁNÆGÐUR MEÐ EIGINKONUNNA** Ben Affleck og Jennifer Garner eru hamingju-söm en leikarinn talaði opinskátt um hjónabandið í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ánægður með Garner

Ben Affleck segist verða ástfangnari með hverjum deginum af eiginkonu sinni, leikkonunni Jennifer Garner. Affleck talaði opinskátt um hjónabandið við Hollywood Reporter á dögum þar sem hann fullyrti að það besta sem hann hefði gert væri að byrja með Garner fyrir sjö árum síðan. „Allir sem vilja láta hjónabandið ganga upp verða að vita hver ræður. Ég geri mér grein fyrir hversu heppinn ég er með Garner en hún er góð sál sem vill öllum vel.“

Affleck og Garner eiga saman þrjú börn undir sex ára aldri.



**KÝS** Lindsay Lohan styður Mitt Romney, forsetaframbjóðanda repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kýs Romney

Leikkonan sem ítrekað nær að koma sér í vandræði, Lindsay Lohan, er búin að ákveða hvaða forsetaframbjóðandi fær hennar atkvæði í næsta mánuði. Lohan sagði í samtali við E! News að hún hefði miklar áhyggjur af atvinnumálum Bandaríkjanna og því myndi leikkonan kjósa frambjóðanda repúblikanaflokksins, Mitt Romney.

Ekki er víst að menn innan herbúða Romneys séu ánægðir með þennan óvænta stuðning frá Lohan. Hún hefur ekki gott orð á sér í Hollywood enda verið inn og út úr fangelsum undanfarin ár vegna þjófnaðar og aksturs undir áhrifum.

# Kraftmikið fortíðarferðalag

Tónlist ★★★★★

## Voyage

Vintage Caravan

### Sena

Vintage Caravan er rokktrío sem hefur vakið mikla athygli undanfarið. Sveitin var stofnuð undir nafninu Acid árið 2005. Hún lenti í þriðja sæti á Músíktílaunum 2009 og sigraði í íslenski forkeppni Global Battle of the Bands í mars 2012. Hún fer til London í desember til að taka þátt í úrslitakeppninni. Vin-

tage Caravan er drulluþétt tónleikasveit, eins og sást og heyrðist á Rokkjötnum í Kaplakrika í haust. Voyage er önnur plata sveitarinnar, en sú fyrri, samnefnd sveitinni, kom út í fyrri og flaug frekar lágt.

Tónlist Vintage Caravan er rokk og blússrokk undir mjög greinilegum áhrifum frá rokktonlist árána um og eftir 1970. Lagasmíðarnar eru nokkuð fjölbreyttar. Þetta er allt frá kraftmiklum blússrokkögum yfir í ballöður og þaðan yfir í hið tíu mín-



útna, kaflaskipta loklag, The King Voyage. Textarnir, sem eru á ensku, eru ekki síður gamaldags en tónlistin. Textinn við upphafslagið Know Your Place er t.d. ekta kvenfyrirlitningartexti.

Aðalstyrkur plötunnar felst í flutningnum. Ryðmaparið Alexander bassaleikari og Guðjón trommuleikari er mjög þétt og söngvarinn og gítarleikarinn Óskar Logi sýnir snilldartaða gítarinn. Virkilega fjölhæfur og góður gítarleikari.

Þetta er mjög sannfærandi rokkplata. Eina vandamálið er að mér finnst sveitin ekki taka þessa tónlist neitt áfram. Þetta er eins og fortíðarferðalag, kraftmikið og flott, en fortíðarferðalag samt sem áður. Þar sem meðlimir Vintage Caravan eru ekki nema 18 ára þá hafa þeir samt nógan tíma til þess að þróa tónlistina og skapa sér sinn eigin stíl. Þangað til er Voyage kraftmikil og skemmtileg rokkplata í anda gömlu meistaranna.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Öflugt og skemmtilegt rokkplata í anda árána um og eftir 1970

# 5★ FIT

## Breyttu línunum og tónaðu líkamann í sitt fegursta form.

Við höfum sett saman nýtt æfingakerfi byggt á kerfi sem hefur slegið rækilega í gegn í New York. Það sameinar margar ólíkar styrktaræfingar sem móta og tóna vöðva líkamans á áhrifaríkan hátt.

Æfingarnar eru rólegar, krefjandi og gerðar til að breyta línunum líkamans á kerfisbundinn hátt. Áhersla er lögð á þægilega tónlist.

### 5 stjörnu FIT

Innifalið:

- Lokaðir tímar 3x í viku
- Leiðbeiningar um mataræði sem er sérstaklega samsett til að tryggja þátttakendum 5 stjörnu árangur
- Hvatning, fróðleikur og hollar og góðar uppskriftir frá Ágústu Johnson og Guðbjörgu Finns
- Mælingar og vigtun fyrir og eftir fyrir þær sem vilja
- Dekurkvöld í Blue Lagoon spa
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu - jarðsjávarpotti og gufuböðum
- 10% afsláttur af öllum meðferðum í Blue Lagoon spa

Nýttu þér reynslu okkar og þekkingu til að ná 5 stjörnu formi. Hentar jafnt byrjendum sem vönum.

Verð 25.900 kr. Meðlimir Hreyfingar 16.900 kr.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu og skráningu finnur þú á [www.hreyfing.is](http://www.hreyfing.is)

**5 stjörnu viðbótardekurpakki**  
40% afsláttur fyrir þátttakendur í 5 stjörnu FIT

- Handklæði við hverja komu
- Aðgangur að heitum potti, hvíldaraðstöðu og afnot af slopp í Blue Lagoon spa
- Kísilleirmeðferð í Blue Lagoon spa

Tilboðsverð 12.590 kr. (fullt verð 20.900 kr.)

# Náðu 5 stjörnu formi

**HREYFING**  
HEILSULIND

**BLUE LAGOON**  
ICELAND

Álfheimar 74  
414 4000  
hreyfing@hreyfing.is  
www.hreyfing.is



**HAUKAR** eru úr leik í EHF-keppninni í handbolta eftir tvö töp á móti úkraínska liðinu HC Motor Zaporozhye um helgina. HC Motor vann fyrri leikinn 30-25 og seinni leikinn 28-22 og þar með 58-47 samanlagt. Stefán Rafn Sigurmannsson skoraði 11 mörk í fyrri leiknum og var þá markahæstur, eins og í báðum leikjunum í 1. umferðinni, en Gísli Jón Þórisson var markahæstur hjá Haukaliðinu í seinni leiknum með sex mörk.



**VETTEL** Þriðji heimsmeistaratilinn í röð á leiðinni? NORDICPHOTOS/GETTY

## Vettel vann í Kóreu í gær: Tók toppsætið af Alonso

**FORMÚLA 1** Þjóðverjinn Sebastian Vettel hjá Red Bull er kominn í toppsætið í baráttunni um heimsmeistaratilinn í Formúlu eitt eftir sigur í Kóreu-kappakstrinum í gær. Vettel er búinn að vinna þrjú mót í röð og er með sex stiga forskot á Fernando Alonso hjá Ferrari þegar fjórar keppnir eru eftir.

Vettel var 8,231 sekúndum á undan liðsfélaga sínum Mark Webber og 13,944 sekúndum á undan Alonso sem varð í 3. sæti í þriðja sinn í síðustu fjórum keppnum.

Alonso var með 37 stiga forskot á Lewis Hamilton og 39 stiga forskot á Vettel eftir Monza-kappaksturinn á Ítalíu í byrjun september.

Vettel og Alonso eru nú í nokkrum sérflokkum og nokkuð ljóst að þeir munu há einvígi um heimsmeistaratilinn í síðustu fjórum keppnum ársins. -66j

# Það er ekki kalt á okkar toppi

Íslenska landsliðið í hópfirmleikum er á leiðinni á Evrópumótið og Íris Mist Magnúsdóttir segir að stelpurnar ætli að verja gullið sem þær unnu fyrir tveimur árum. „Liðið er miklu betra núna,“ segir Íris.

**FIMLEIKAR** Þær slógu í gegn fyrir tveimur árum þegar urðu Evrópumeistarar í Svíþjóð og hafa síðan verið duglegar að kynna sportið fyrir landsmönnum. Í dag vita örugglega allir landsmenn hverjar gullstelpurnar úr Gerplu eru en um komandi helgi kemur í ljós hvort þær geta komið aftur með gullið til Íslands.

Fram undan er Evrópumótið sem fer fram í Árósum í Danmörku. Það hefst á miðvikudaginn og lýkur síðan með úrslitum á sunnudaginn.

Íris Mist Magnúsdóttir er sem fyrr í lykilmótverki í íslenska liðinu en hún er að koma til baka eftir að hafa slitið hásin skömmu fyrir Norðurlandamótið í fyrra. Stelpurnar urðu Norðurlandameistarar án hennar og Íris er ekki í vafa um að liðið sé tilbúið í titilvörnina enda að hennar mati með betra lið en fyrir tveimur árum.

„Liðið er miklu betra núna,“ sagði Íris Mist og ítrekar orð sín. „Það er yfirburða mikið betra núna. Við erum komnar með fullt af yngri stelpum sem eru ógeðslega góðar. Það eru líka komnar nýjar stelpur inn í liðið og svo eru allar með sem voru fyrir tveimur árum. Það eru allar í liðinu búnar að ná ótrúlegum framförum og



**TILBÚNAR Í GULLSLAGINN** Íris Mist Magnúsdóttir og félagar hennar í íslenska landsliðinu í hópfirmleikum eru búnar að undirbúa sig vel fyrir Evrópumótið sem hefst á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við erum allar búnar að vera duglegar að æfa,“ segir Íris Mist en hún segir það mikilvægt að liðið sé að fara í rétta átt og stefni alltaf hærra. Vandamálið hafi aðallega legið hjá þjálfurunum sem þurftu að skera niður hópinn.

„Við vorum 23 að æfa og það þurfti að skera okkur niður í 16. Það er örugglega erfiðasta verkefnið sem þjálfararnir hafa fengið á ævinni,“ segir Íris en síðan fara aðeins tólf inn á gólflið í einu.

„Það er mjög mikil framför hjá öllum og liðið hefur aldrei verið svona sterkt. Ég hef aldrei haft eins mikla trú á okkur,“ segir Íris. En er ekki kalt á toppnum? „Það er ekki kalt á okkar toppi. Það er alltaf sagt að það sé kalt á kaldara í 2. og 3. sætinu?“ segir Íris létt og hún segir stelpurnar ætla að nýta pressuna á réttan hátt.

„Það var líka pressa á okkur á

Norðurlandamótinu í fyrra þegar við mættum þangað sem Evrópumeistarar. Það þýðir ekkert að vera að þæla í því en auðvitað er maður alltaf með þetta á bak við eyrað. Það er bara góð pressa ef maður ákveður það að nýta hana á réttan hátt,“ segir Íris.

Stelpurnar fara langt á stemningu og samheldni en þær geta ekki útlokað þá staðreynd að allt verður að ganga upp ætli þær að ná í gullið.

„Það má ekkert klikka en við erum búnar að æfa þannig að við ætlum ekki að láta neitt klikka,“ segir Íris og hún telur að liðið græði mikið á því að vera búnar að vera svona mikið saman. „Þær sænsku hittast kannski einu sinni í mánuði en við fáum möguleika á að æfa saman sex sinnum í viku og vera saman eftir æfingu og fyrir æfingu. Við förum saman til Ítalíu í æfingabúðir í sumar og æfðum þar saman allan daginn.

Við förum líka saman hringinn og þetta hefur styrkt hópinn svakalega mikið,“ segir Íris og metnaður hennar og stelpnanna leynir sér ekki.

„Það er ógeðslega gaman að æfa og undirbúa sig fyrir það að verða Evrópumeistari og það er miklu skemmtilegra en að vera bara að stefna að því að fara á Evrópumót. Það er líka skemmtilegra þegar allir eru með hausinn á sama stað og eru að stefna að sama markmiði,“ segir Íris.

Íslenska liðið endaði í öðru sæti á Evrópumótinu í Belgíu fyrir fjórum árum og tók síðan gullið fyrir tveimur árum. Þær eiga möguleika á því að endurskrifa söguna með því að taka tvö EM-gull í röð. Eftir samtalið við Íris er ég ekki frá því að það sé í lagi að vera bjartsýnn á að gullið sé aftur á leiðinni til Íslands á sunnudaginn.

ooj@frettabladid.is

Ný vitneskja:

Fyrirlestur: Christopher Vasey

## Máttur hugsana

Hvers vegna hafa þær slík áhrif á líf okkar?

16 október 2012 – kl 20:00

Radisson Blu Saga Hotel v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Erindið verður flutt á ensku. Aðgangseyrir 500 kr.

Skipuleggjandi: Christof.Leuze@leuze.de www.gral-norden.net

# Philips H4 long life

- 4x Lengri lengri líftími miðað við venjulegar perur
- 4x minni mengun í pakkningum og perum
- Endist í allt að 100.000 km, lægri viðgerðarkostnaður
- Hentar einstaklega vel fyrir bíla með flökkt í rafmagni



**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

## Rakel Dögg Bragadóttir aftur inn á handboltavöllinn: Búin að brosa mikið þrátt fyrir stórt tap

**HANDBOLTI** Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins, spilaði um helgina sinn fyrsta leik síðan hún sleit krossband skömmu fyrir HM í Brasilíu fyrir tæpu ári síðan. Rakel Dögg skoraði 3 mörk í tapleik á móti Íslands- og bikarmeisturum Vals í N1-deild kvenna í Mýrinni. Rakel var ekki búin að vera með í þremur fyrstu leikjum Stjörunnar á tímabilinu þar sem sjúkraþjálfarinn vildi að hún æfði á fullu í fimm til sex vikur fyrir fyrsta leik.

„Þetta gekk bara fínt og mér leið bara mjög vel. Ég var óvenju spræk því ég hélt ég yrði meira hikandi,“ sagði Rakel Dögg Bragadóttir. „Ég er þínu þreytt og svo fékk ég slink á hnéð í lokin og fór bara út af síðustu tíu mínúturnar. Það er ekkert alvarlegt en maður er orðinn aðeins skynsamari með árunum,“ sagði Rakel óvenju kát eftir tapleik enda

**RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR** Lék sinn fyrsta leik í ellefu mánuði. MYND/OLE NIELSEN

mikill sigur fyrir hana að komast aftur inn á handboltavöllinn.

Hún réðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur heldur steig fyrstu skrefin á móti gríðarlega sterku Valsliði.

„Ég var búin að undirbúa mig andlega að það yrði kannski svólitill skellur að byrja á móti þeim. Valur og Fram eru í sérflokkum en það þýðir samt ekkert að önnur lið geti ekki strítt þeim,“ sagði Rakel og þessi mikla keppnismanneskja gat leyft sér að brosa þrátt fyrir tap í endurkomuleiknum.

„Það er þínu asnalegt hvað ég er búin að brosa mikið í dag miðað við það að ég tapaði með ellefu mörkum. Ég er yfirleitt í fýlu er þrjú daga þegar ég tapa en það var aðeins öðruvísi í dag. Það voru aðrar tilfinningar í gangi. Það er vissulega leiðinlegt að tapa en að sama skapi var ég himinlifandi að vera komin aftur í gang,“ sagði Rakel. -66j





FJÖRGAÐU TILVERUNA MEÐ CITROËN C3.  
SJÁÐU HÁTÍSKUNA OG NÝJUSTU SPARTÆKNINA.



CITROËN C3 SEDUCTION dísil 2.590.000 kr.

*Fæst sjálfskiptur*



Sparneytinn  
**1,4 Hdi 70 hö.**  
Dísil  
Notar  
**3,8L/100 km.**  
Fær frítt í stæði\*

> Flottur búnaður m.a. loftkæling og frjókornasía, aksturstölva, hraðastillir (cruise control), iPod og MP3 tengi og fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki ásamt mörgu fleiru.

### Gott verð núna. Nýttu tækifærið og sameinaðu hátísku og sparnað.

Gríptu hvert tækifæri til að fjörga upp á tilveruna. Fáðu hátísku, gæði og sparneytni á hagstæðu verði með Citroën C3 Seduction. Í kaupbæti færðu hagkvæman rekstur með lægri kostnaði við þjónustu og varahluti og að lokum frábæra endursölu. Komdu í Brimborg, Bildshöfða 8, í dag og prófaðu hvað Citroën C3 Seduction kemur vel út og er rúmgóður.

Sjáðu Citroën. Spurðu um Fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

CITROËN C3 Seduction  
2.590.000 kr.  
**26.480** kr./mán.\*\*

\* Eldsneytisnotkun í langkeyrslu er 3,4L/100 km., í blönduðum akstri 3,8 l/100 km., innanbæjarakstri 4,5 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun er 99 g/km. Orkuflökkur A.

\*\* Citroën C3 Seduction, 5 dyra, 1,4 HDi 70 hestöfl og 5 girja. Kaupverð 2.590.000 kr. Mánaðargreiðsla er miðuð við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppitökubíl / útborgun að verðmæti 1.000.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppi. Hlutfallstala kostnaðar 10,42%. Frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg í 90 mínútur. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | [citroen.is](http://citroen.is)

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.  
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

# KRÓNAN

## NÝTT Fulleldaðir réttir - tilbúið til upphitunar



**2698** kr. pk.

Fulleldað kjúklingaspjót, prenna



**998** kr. pk.

Fulleldað kryddhjúpuð kjúklingasteik



**1198** kr. kg

Fulleldaður núðluréttur með kjúklingi



**1298** kr. kg

Fulleldaðar kjúklingabollar í spaghetti



HÁTT UPPI Alfreð Finnbogason og Gylfi Þór Sigurðsson fagna marki Alfreðs sem innsiglaði sigurinn á Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VLHELM

## URÐUM OF BJARTSÝNIR

Íslenska landsliðið hefur unnið sex sigra í undankeppnum HM og EM undanfarin níu ár og í öll sex skiptin hefur íslenska liðið tapað næsta leik. Strákarnir eru nú komnir í þá stöðu á ný að fylgja á eftir sigurveikjum.

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið vann frábæran sigur í Albaníu á föstudagskvöldið og strákarnir eru mættir til landsins þar sem þeir taka á móti Sviss í toppslag riðilsins á morgun. Svissneska liðið tapaði sínum fyrstu stigum í 1-1 jafntefli við Norðmenn á föstudaginn en situr í toppsæti riðilsins stigi á undan Íslandi.

„Við stefnum á sigur eins og alltaf. Sviss er með gott lið en eins og við höfum spilað þá eigum við góða möguleika á að sigra leikinn. Ef undirbúningurinn gengur upp og við förum með rétt hugarfar inn á völinn þá eigum við góða möguleika,“ sagði Lars Lagerbäck, þjálfari íslenska landsliðsins á blaðamannafundi í gær.

Það hefur gengið illa að fylgja eftir sigurveikjum síðustu ár og gott dæmi um það er tap íslenska liðsins á Kýpur á dögum nokkrum dögum eftir frábæran heimasigur á Norðmönnum. Það eru liðin níu ár síðan að íslenska liðið náði í stig í næsta leik á eftir sigurveik en það var þegar liðið náði markalausum jafntefli á móti Þjóðverjum á Laugardalsvöllum 6. september 2003, 17 dögum eftir að liðið vann Færeyjar í Þórshöfn.

Lars Lagerbäck náði ekki að breyta þessu í fyrstu tilraun. „Ég veit ekki hvort við höfum fyllst of miklu sjálfstrausti eftir leikinn gegn Noregi. Ég held að

### Næsti leikur á eftir sigri í undankeppnum HM og EM

Hér fyrir neðan má sjá hvernig íslenska karlalandsliðinu hefur gengið að fylgja á eftir sigurveikjum í undankeppnum HM og EM undanfarin ár.

<b>2-0 sigur á Noregi heima (HM 2014)</b> Næsti leikur: 0-1 tap fyrir Kýpur á útivelli	<b>3-0 sigur á N-Írlandi heima (EM 2008)</b> Næsti: 0-2 tap fyrir Danmörku heima
<b>1-0 sigur á Kýpur heima (EM 2012)</b> Næsti: 3-5 tap fyrir Portúgal á útivelli	<b>4-1 sigur á Möltu úti (HM 2006)</b> Næsti: 1-3 tap fyrir Króatíu heima
<b>1-0 sigur á Makedóníu h. (HM 2010)</b> Næsti: 1-2 tap fyrir Skotlandi á útivelli	<b>2-1 sigur á Færeyjum úti (EM 2004)</b> Næsti: 0-0 á móti Þýskaland heima
<b>2-1 sigur á N-Írlandi heima (EM 2008)</b> Næsti: 2-4 tap fyrir Lettlandi heima	<b>3-0 sigur á Lítháen úti (EM 2004)</b> Næsti: 2-1 sigur á Færeyjum úti

við urðum of bjartsýnir frekar. Sóknarmennirnir vörðust of framarlega og það var of mikið bil á milli manna í varnarleiknum. Ef leikaðferðin var röng er það mín sök. Við verðum að læra betur á alþjóðlegan fótbolta og að leika tvo leiki á fáum dögum. Ísland hefur oft átt í vandræðum með að leika á útivelli og við náum vonandi að læra að leika eins á útivelli og við gerum á heimavelli,“ sagði Lagerbäck í gær.

„Ég hef ekki trú á að við þurfum að gera breytingar á liðinu vegna þess að það er stutt á milli leikja. Allir leikmenn ættu að vera klárir og sérstaklega þar sem við gáfum þeim sem byrjuðu leikinn í Albaníu aukadag í að hlaða batteríin. Leikmennirnir

eru flestir vanir að leika tvo leiki á viku,“ sagði Lars Lagerbäck en besta byrjun íslenska landsliðsins frá upphafi yfir undir bjartsýni á gott gengi í riðlinum.

„Ef við sleppum vel við leikbónn þá eigum við góða möguleika í þessum riðli. Við söknum leikmanns eins og Kolbeins Sigþórssonar sem er einn efnilegasti framherji Evrópu og ef við náum góðum úrslitum gegn Sviss þá eigum við góða möguleika í framhaldinu ef allir verða heilir og leikfærir. Ég er bjartsýnn og vona að við getum keppt um sæti á HM. Ég veit ekki hversu raunhæft það er en mitt markmið breytist ekkert. Við förum í alla leiki til að vinna,“ sagði Lars að lokum.

ooj@frettabladid.is, - gmi



### UTAN VALLAR

Eiríkur Stefán Ásgeirsson  
segir sína skoðun

## Fordóma ber ekki að umbera

Viðbrögð margra við fréttaplutningi af ummælum Arons Einars Gunnarssonar um albönsku þjóðina hafa komið mér á óvart. Miðað við ummæli margra knattspyrnuáhugamanna á samfélagsmiðlum virðast þeir margir þeirrar skoðunar að íslenskir fjölmiðlar hafi brugðist of hart við ummælum Arons Einars. Þá hafa ófáir íslenskir knattspyrnumenn tekið í svipaðan streng.

Ég hef líka séð nokkra hneykslast á viðbrögðum Geirs Þorsteinssonar, formanns KSÍ, sem sagði að málinu væri ekki lokið og yrði tekið til frekari skoðunar innan veggja sambandsins. Að þeirra mati ætti hann frekar að styðja landsliðsfyrirliðann sinn en það var einmitt umfjöllunarefni pistils á vefmiðlinum 433.is um helgina þar sem viðbrögð við ummælum Arons Einars eru sögð allt of harkaleg.

Ég verð að lýsa yfir áhyggjum mínum af þessum málflytningi og því viðhorfi sem hann lýsir. Aron Einar er drengur góður og hefur

beðist afsökunar á orðum sínum. En það breytir því ekki að orð hans lýstu fordómum sem eiga aldrei að sæma fulltrúa íslensku þjóðarinnar á erlendri grundu, hvað þá mann í stöðu landsliðsfyrirliða.

Þau skilaboð sem Aron Einar sendi með orðum sínum voru ekki einungis móðgandi fyrir albönsku þjóðina heldur með öllu slæmt fordæmi fyrir þá fjölmörgu ungu stuðningsmenn íslenska landsliðsins sem líta upp til fyrirliðans og annarra leikmanna Íslands. Fordómar, alhæfingar og skortur á umburðarlyndi gagnvart öðrum á aldrei að líðast og væru fjölmiðlar að bregðast skyldu sinni ef þeir myndu láta það hjá líða að fulltrúi íslensku þjóðarinnar hafi komið þannig fram. Meðvirkni sómir fjölmiðlum afar illa.

Þá er rétt að halda því til haga að ummæli Arons Einars eru skýrt brot á 5. grein siðareglu KSÍ sem eru ekki nema tæplega þriggja ára gömul.

Grjótharður er orð sem er í tisku og lýsir vel oft kappsemi og ákveðni

íslenskra íþróttamanna í keppni. Er það vel. „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurlið,“ sagði séra Friðrik Friðriksson og á það jafn vel við í dag og það gerði fyrir rúmri öld síðan. Menn ættu frekar að halda sig við að vera grjótharðir á völinum en að koma fram af líku offorsi sem alltof margir hafa gert sig seka um í kjölfar þessa máls.

Aron Einar hefur lært sína lexíu. Hann spilaði leikinn gegn Albönum og stóð sig með þryði – eins og hann gerir yfirleitt í bláu treyjunni. Í leiknum fékk hann áminningu sem hann átti ekki skilið og mun af þeim sökum taka út leikbann í leiknum gegn Sviss á morgun. Eftir leik gætti hann þó orða sinna í viðtölum og neitaði að gagnrýna dómarrann fyrir spjaldíð.

Fleiri ættu að taka sér Aron Einar til fyrirmyndar og vita hvenær þeim er hollast að halda að sér höndum frekar en að halda á lofti misgáfulegum málflytningi sem er þeim til lítils annars en minnkunar og skammar.



FORSALA Á MIDLI.S  
TIL OG MEÐ 15. OKTÓBER

FULLT VERÐ (ÞRJÚ SVÆÐI):  
4.500 KR, 3.500 KR OG 2.500 KR  
FORSÖLUVERÐ:  
4.000 KR, 3.000 KR OG 1.500 KR

50% AFSLÁTTUR AF FULLU VERÐI  
FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI

UNDANKEPPNI HM 2014  
ÍSLAND - SVISS

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30

STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STRÁKUNUM!  
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!

*Alltaf í boltanum með KSI*

BORGUN

Lengjan

ICELANDAIR



Coca-Cola

> Stöð 2 kl. 21.35

The Newsroom

Annar þátturinn af The Newsroom er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Þetta er mögnuð þáttaröð frá HBO sem gerist á fréttastofu sjónvarps-stöðvar þar sem álagið er mikið og ein mistök geta verið mjög dyrkeypt. Aðalhlutverkin leika Jeff Daniels og Emily Mortimer.



# dagskrá

## KVIKMYNDIR OG ÞÆTTIR KVÖLDSINS

<p><b>Secretaria</b> Disney-mynd frá árinu 2010 sem er byggð á sönnun atburðum. Penny Chenery Tweedy tekur við rekstri hestabúgarðs föður síns, þrátt fyrir að hafa ekkert vit á veðreiðum. Með góðri hjálp vina sinna vinnur hún glæsta sigra í þeim karlaheimi sem veðhlaupa-brautin er.</p> <p><b>Leikstjóri:</b> Randall Wallace. <b>Aðalhlutverk:</b> Diane Lane, John Malkovich og Dylan Walsh.</p> <p><b>Ráttar Tomatöng</b> 64% <b>IMDb</b> 7,1 <b>BIÓ</b> 13.30</p>	<p><b>Without Bias</b> Heimildarmynd um körfubolta-manninn Len Bias sem var stjarna í háskólakörfuboltanum og spáð frægð og frama í NBA. Aðeins tveimur dögum eftir að meistaraði Boston Celtics valdi hann í nýliðavalinu sumarið 1986 lést hann af ofneyslu kókaíns.</p> <p><b>Leikstjóri:</b> Kirk Fraser. <b>Aðalhlutverk:</b> Marion Barry Jr., Jeff Baxter og Eric Bias.</p> <p><b>Ráttar Tomatöng</b> 84% <b>IMDb</b> 7,0 <b>SPORT 2</b> 23.05</p>	<p><b>Little Britain</b> Margverðlaunaðir gamanþættir fullir af óviðeigandi grínatriðum í hæsta gæðaflokki. Rífaðar verða upp seríurnar þrjár og endurnýjuð kynnin við eina hommann í þorpinu og fúlu afgreiðslu-stúlkuna sem fullyrðir að tölvan segi alltaf nei, svo einhverjir séu nefndir.</p> <p><b>Höfundur:</b> Matt Lucas og David Walliams. <b>Aðalhlutverk:</b> Matt Lucas, David Walliams og Tom Baker.</p> <p><b>Ráttar Tomatöng</b> 61% <b>IMDb</b> 7,6 <b>GULL</b> 20.55</p>	<p><b>House of Lies</b> Ný gamanþáttasería um Marty Khan sem er yfirmaður hjá stóru og mikilvægu ráðgjafarfirmi. Hann er mjög farsæll í starfi og veigrar sér ekki við að ganga lengra en flestir til að veita viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu.</p> <p><b>Höfundur:</b> Matthew Camahan. <b>Aðalhlutverk:</b> Don Cheadle, Kristen Bell og Ben Schwartz.</p> <p><b>Ráttar Tomatöng</b> 63% <b>IMDb</b> 7,2 <b>1</b> 21.05</p>
--	---	--	---

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregnir 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd. 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfréttir 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útlarpssagan: Vögguvísa 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjörnumar 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Spegillinn 18.47 Auglýsingar 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfréttir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Við Djúpið 2012: Kammerhópurinn The Declassified 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Samfélagið 22.30 Albúmið: Velvet Underground & Nico 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlarp Rásar 1

**RÚV**

- 14.45 Silfur Egils (e)
- 16.05 Landinn (e)
- 16.35 Herstöðvarlíf (19:23)(Army Wives)
- 17.20 Sveitasæla
- 17.34 Spurt og sprellað
- 17.40 Óskabarnið
- 18.05 Fum og fát (20:20)
- 18.15 Táknálfurfréttir
- 18.25 Tilraunin – Barnsheilinn (1:3) (Eksperimentet) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Stjornarskráin Fréttaskýringarþáttur frá fréttastofu RÚV þar sem fjallað er um til-lögur stjornlagaráðs að nýrri stjornarskrá sem þjóðin greiðir atkvæði um 20. október.
- 20.20 Handan tindanna (Beyond the Summits) Margverðlaunuð heimildarmynd um franska klifurgarpinn Catherine Destivelle.
- 21.15 Castle (28:34) Bandarísk þáttaröð. Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 23.05 Njósnaeildin(8:8)(Spooks IX)(e)
- 00.00 Kastljós (e)
- 00.25 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlök

**STÖÐ 2**

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In The Middle (12:22)
- 08.30 Ellen (20:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (160:175)
- 10.15 Wipeout USA (3:18)
- 11.00 Smash (15:15)
- 11.45 Falcon Crest (12:29)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 So You Think You Can Dance (8:15) (9:15)
- 15.40 ET Weekend
- 16.25 Villingarnir
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (21:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Malcolm In the Middle (15:22)
- 19.40 Modern Family (15:24)
- 20.05 Jamie Oliver's Food Revolution (5:6) Sjónvarpskokkurinn geðþekki fer til Los Angeles í þeim ásetningi að berjast gegn of-fitu, hjartasjúkdómum og sykursýki.
- 20.50 Fairly Legal (7:13) Lögfræðingurinn Kate Reed er góður að leysa deilumál en nær þó ekki að leysa deilurnar í eigin lífi.
- 21.35 The Newsroom (2:10) Magnaðir og dramatískir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlut-verki fréttalesara stöðvarinnar. Þættirnir koma úr smíðju HBO og Aaron Sorkin (West Wing).
- 22.30 Who Do You Think You Are? UK (3:6)
- 23.35 The Big Bang Theory (24:24)
- 23.55 Mike & Molly (9:23)
- 00.15 Anger Management (3:10)
- 00.40 Bones (13:13)
- 01.25 Veep (6:8)
- 01.50 Weeds (11:13)
- 02.20 NCIS (24:24)
- 03.00 Medium (3:13)
- 03.45 Fairly Legal (7:13)
- 04.30 Jamie Oliver's Food Revolution (5:6)
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag

**SPORT** besta sætið

- 18.10 Þýski handboltinn: RN Löwen - Flensburg
- 19.35 Unglingamótið í Mosfellsbæ
- 20.20 Grillhúsmótið Mótið fór fram á Þorlákshöfn og þar mættu sterkustu menn Íslands undir 105 kg.
- 20.50 Meistaradeild Evrópu: Benfica - Barcelona
- 22.35 Meistarad. Evrópu: fréttarþáttur
- 23.05 Without Bias Einstök heimilda-mynd um körfuboltamanninn Len Bias.

**SPORT 2** enski boltinn

- 17.50 Premier League Review Show 2012/13 Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
- 18.45 Premier League World 2012/13 Skemmtilegur þáttur þar sem stjörnumar í ensku úrvalsdeildinni eru heimsóttar.
- 19.15 Liverpool - Man. Utd.
- 21.00 Premier League Review Show
- 22.00 Football League Show 2012/13 Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
- 22.30 Being Liverpool Mögnuð þátta-röð þar sem áhorfendur fá einstaka innsýn í lífið hjá einu frægasta fótboltafélagi veraldar. Leikmenn og þjálfarar opna dýrnar og sýna hvernig líf knattspyrnumanna er, innan vallar sem utan.
- 23.15 Fulham - Norwich

**POP TIM**

- 17.10 Simpson-fjölskyldan
- 17.30 ET Weekend
- 18.15 Glee (21:22)
- 19.00 Friends
- 19.20 Simpson-fjölskyldan (2:22) Það eru stórraddir sem heyrast í þættinum að þessu sinni og má þar nefna raddir Mick Jag-ger, Elvis Costello, Lenny Kravitz, Keith Rich-ards og fleiri og fleiri. Þáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara.
- 19.45 How I Met Your Mother (12:22) Rachel fellst á að fara með Ted í brúðkaup vinfólks, honum til ómældrar gleði. En að sjálfsögðu tekst honum þá næstum því að skemma brúðkaupsathöfnina.
- 20.10 Step It up and Dance (6:10) Skemmtileg þáttaröð þar sem efnilegir dans-arar keppa. Dansararnir læra hvað þarf að leggja á sig til að slá í gegn og komast upp á stjórnuhimininn. Leikkonan og dansarinn Elizabeth Berkley er kynnr þáttanna.
- 20.55 Hart of Dixie (6:22) Drama-tísk þáttaröð með léttu ívaði um unga stór-borgarstúlkuna sem finnur sjálfa sig og ást-ina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leik-ur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 21.35 Privileged (9:18) Bandarísk þátta-röð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einka-kennari tvíburasystra sem eru ofdekráðar og gjörspilltar.
- 22.20 Step It up and Dance (6:10)
- 23.05 Hart of Dixie (6:22)
- 23.45 Privileged (9:18)
- 00.30 Tónlistarmyndbönd Popptívi

**SKJÁREINN**

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.20 90210 (16:22) (e)
- 17.05 Minutae To Win It (e)
- 17.50 Rachael Ray
- 18.35 Big Fat Gypsy Wedding (5:5) (e)
- 19.25 America's Funniest Home Videos (22:48) (e)
- 19.50 Will & Grace (8:24)
- 20.15 Kitchen Nightmares (1:17)
- 21.05 House of Lies (1:12) Hárbeittir og ógrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi. Marty Khan er yfir-maður hjá ráðgjafarfirmi sem þjónustar stærstu fyrirtæki veraldar. Don Cheadle hefur verið tilnefndur til Emmy-verðlauna fyrir hlut-verið sitt í þáttinum en önnur hlutverk eru í höndum Kristen Bell og Ben Schwartz.
- 21.30 Óupplýst (7:7) Spennandi þættir um óupplýst íslenskt mál sem byggð eru á sögum Íslendinga af óútskýrðum atburðum sem hafa átt sér stað.
- 22.00 CSI: New York (9:18) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félagan hans í tæknideild lögreglunnar í New York. Dauði vitnis leggst þungt á Jo og hún veltir fyrir sér af hverju nauðgafa var sleppt lausum á meðan hún starfaði hjá FBI.
- 22.50 CSI (1:23)
- 23.40 Law & Order: Special Victims Unit (9:24) (e)
- 00.25 The Bachelorette (8:12) (e)
- 01.55 Blue Bloods (1:22) (e)
- 02.40 House of Lies (1:12) (e)
- 03.05 Pepsi MAX tónlist

**BIÓ**

- 10.40 Hachiko: A Dog's Story
- 12.10 Pétur og kötturinn Brandur 2
- 13.30 Secretariat
- 15.30 Hachiko: A Dog's Story
- 17.05 Pétur og kötturinn Brandur 2
- 18.25 Secretariat
- 20.30 All Hat
- 22.00 My Sister's Keeper
- 23.50 Stoned
- 01.30 All Hat
- 03.00 My Sister's Keeper

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 100,5 Kaninn	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útlarp Saga	FM 102,2 Útlarp Latibær	FM 105,5 Útlarp Boðun

## 20% AFSLÁTTUR AF BAR- OG ELDHÚSSTÓLUM

**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**HOT** barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.

**15.190**  
FULLT VERÐ: 18.990

**KENTUCKY** barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.

**19.190**  
FULLT VERÐ: 23.990

**DALLAS** barstóll, krómlappir. Litir: svart og hvítt.

**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**PLUMP** barstóll, krómlappir. Litur: svart.

EKKI MISSA AF ÞESSU!

**15.990**  
FULLT VERÐ: 19.990

**ANDREW** Borðstofustóll. Svart, brúnt og hvítt leður.



# NIKITA<sup>TM</sup> OUTLET

**Skippholti 25**

**50 - 90 %**

**afsláttur af öllum vörum**

**OPIÐ VIRKA DAGA 14:00 - 19:00  
& LAUGARDAGA 12:00 - 16:00**

[www.nikitaclimbing.com](http://www.nikitaclimbing.com)



„Lagið sem kemur mér í gírinn á morgnana er Glow með Retro Stefson, því ljósið sem umvafði okkur á Friðarþingi um helgina var alveg hreint magnað.“

Unnsteinn Jóhannsson skáti.

## Fjársýslugæsin Rómeó smalar lömbum

„Gæsin stóð sig með stakri þrýði og aðstoðaði okkur við innreksturinn alveg þar til síðasta lambið var komið inn í hús,“ segir Viðar Guðmundsson, bóndi á Miðhúsum í Kollafirði, sem fékk óvænta aðstoð við innrekstur á dögnum frá gæsinni á bænum.

Fjársýslugæsin ber nafnið Rómeó og átti hún upphaflega að vera risaeöla. Það var á vormánuðum að Matthías Schram, ný ára gamall, ákvað að hann vildi byrja að rækta risaeölu. Kristinn Schram, pabbi hans, brá þá á það ráð að gera leik úr því að klekja út hænsnaeggi og gæsaeggi í þar til gerðu útungunartæki. „Rómeó og haninn Kafteinn ólust upp í bakgarðinum hjá okkur fyrst um sinn en þegar við fluttum suður fóru þau í fóstur á Miðhús,“ segir Kristinn.

Rómeó og Kafteinn búa nú í góðu yfir-læti á Miðhúsum og taka þátt í daglegu lífi þar á bæ. „Haninn er nú ekki mikið að aðstoða okkur en hann er flott selskapsdama fyrir gæsina. Hingað til hefur hann haft töluvert meiri áhuga á gæsinni en á hænunum á bænum, en hann verður bara að hafa það eins og hann vill, við erum svo lífbó hérna í sveitinni,“ segir Viðar. Hann segir kindurnar hafa orðið örhlítið hissa á nýju viðbótinni í smalateymi en að gæsin hafi þó verið afar góð búbot þar sem hún gat flogið yfir hópinn og þannig fylgst vel með öllu. „Smalátikin Elding aðstoðaði hana aðeins og þetta gekk afar smurt fyrir sig, enda viðlíka smalateymi vandfundið,“ segir Viðar.



RÓMEÓ AÐ STÖRFUM Fjársýslugæsin Rómeó stóð sig með þrýði við að reka ringluð lömbin inn í hús.

MYND/ÚR EINKASAFNI

BYLGJAN  
989



Miðasala í  
fullum gangi!  
Tryggðu þér miða!



lau. 6/10 kl. 19 örfá sæti  
lau. 6/10 kl. 22 örfá sæti  
sun. 7/10 kl. 20 örfá sæti  
fös. 12/10 kl. 19 UPPSELT

lau. 13/10 kl. 19 örfá sæti  
lau. 20/10 kl. 19 UPPSELT  
lau. 20/10 kl. 22 aukasýn.  
fim. 20/11 kl. 20 örfá sæti

Sýningar í Hofi á Akureyri  
fös. 01/11 kl. 20 | lau. 02/11 kl. 20  
Miðasala í síma 450 1000 og á  
menningarhus.is

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



LÚDVÍG Á GOTNESKU Sveinn Andri skartar nýju húðflúri sem stafar nafn bróður hans, Lúdvígs, sem lést árið 1999. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVEINN ANDRI: LÖNGUNIN AÐ FÁ SÉR FLEIRI HÚÐFLÚR KITLAR MIKIÐ

## MEÐ NAFN BRÓÐUR SÍNS Á UPPHANDLEGGNUM

„Þetta eru sex stafir á upphandleggnum sem stafa nafn bróður míns heitins, Lúdvígs, með gotnesku lettri,“ segir stjórnlögreglufræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson um nýtt húðflúr sitt sem vakið hefur athygli að undanförunu.

Sveinn Andri fékk sér flúrið í sumar og er það góðvinur hans og húðflúrmeistari Fjölur Geir Bragason, eða Fjölur tattu, sem á heidurinn að því. Það er til minningar um bróður Sveins Andra, Lúdvíg Árna, sem lést úr hjartabilun árið 1999. „Ég hef lengi ætlað að gera þetta og lét nú loksins til skara skríða,“ segir hann. Hann segist hafa skoðað nokkra möguleika þegar kom að því að velja leturgerð en gotneskt letur varð fyrir valinu því honum hafi alltaf þótt það fallegt og stílhreint.

Sveinn Andri kemur úr stórrí fjölskyldu en auk Lúdvígs á hann eina alsystur, tvö hálf systkin hvort í sinni ætt og einn stjúpróður. „Þetta er bara hið típíska íslenska fjölskyldumynstur þar sem maður á systkini í allar áttir,“ segir hann og hlær.

### HEFUR KOMIÐ VIÐA VIÐ

Nafn Sveins Andra er flestum landsmönnum vel kunnugt. Hann hefur hlotið mikla fjölmiðlaathygli á undanförunum árum og er þar skemmt að minnst fjölmiðlafarsins í kringum samband hans og fyrrsætunnar Krístrúnar Aspar Barkardóttur árið 2011 en liðlega 30 ára aldursmunur var á þarinnu. Saman eiga þau soninn Baltasar Bök sem fæddist í byrjun mars. Auk Baltasars á Sveinn Andri fjögur önnur börn, tvo stráka og tvær stelpur.

Hann hefur komið víða við á ferli sínum og starfaði meðal annars sem blaðamaður á Morgunblaðinu samhliða laganáminu. Hann var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur í eitt kjörtímabil, á árunum 1990 til 1994, og var þá stjórnarformaður Straetisvagna Reykjavíkur.

Auk þess settist hann í stjórn Knattspyrnufélagsins Fram árið 1991 og sat þar sem formaður á árunum 1994 til 2000.



Þetta er fyrsta húðflúrið sem kappinn fær sér og það eina sem hann skartar að svo stöddu. „Þetta er samt alveg eins og fólk segir, um leið og maður hefur fengið sér eitt húðflúr þá kviknar löngunin til að fjölga þeim,“ segir hann en kveðst þó ekki vera farinn að

skipuleggja sitt næsta flúr enn þá. „Löngunin að fá sér fleiri kitlar mikið en ég er ekkert farinn að spá í það af alvöru hvernig það ætti að vera eða hvar. Það er ýmislegt sem kemur til greina,“ segir hann.

tinnaros@frettabladid.is

## Svíar hrifnir af íslenskri hönnun

„Ég er rétt nýbyrjuð að auglýsa eftir samstarfsaðilum á Facebook og það eru þegar 14 manns búnir að setja sig í samband við mig,“ segir Linda Hauksdóttir Stenström, sem hyggst setja upp síðu með íslenskri hönnun í Svíþjóð.

Linda segist hafa orðið mikið vör við það að Svíar hafi áhuga á íslenskri hönnun. Þeir eigi þó oft erfitt með að nálgast hana og fékk Linda því hugmyndina að síðunni. Undirbúningurinn er enn á byrjunarstigi og engir samningar hafa verið gerðir en Linda vonast þó til að geta opnað síðuna eftir þrjá til fjóra mánuði. „Ég hef líka verið í sambandi við búðir hérna úti og margar þeirra hafa sýnt því áhuga að taka íslenska hönnun í

sölu hjá sér. Í framhaldinu vonast ég því til að geta annast umboðsölu fyrir íslenska hönnuði,“ segir hún. Sjálf hefur hún búið í Svíþjóð mestalla ævi, en á íslenska fjölskyldu í báðar ættir. Hún starfar í auglýsingabransanum þar ytra og þekkir því vel inn á markaðinn. „Ég vonast til að síðan verði bara nógu fjölbreytt og með alla flöru hönnunar. Nú þegar er ég komin með fatahönnuði, skóhönnuði, listamenn og ljósmyndara í hóp væntanlegra samstarfsaðila, svo þetta lítur vel út enn sem komið er,“ segir hún og bætir við að hún taki vel á móti öllum íslenskum hönnuðum sem hafi áhuga á að selja sína vöru í gegnum síðuna.

- trs



SÍÐA MEÐ ÍSLENSKRI HÖNNUN Linda segir marga Svía hafa áhuga á íslenskri hönnun en erfitt sé að nálgast hana þarlandis.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# MIKA

SILFURBERGI HÖRPU

18. desember

**Miðasala  
hefst á  
morgun  
kl. 12:00  
harpa.is  
midi.is  
og í síma  
528 5050**

**„Ótrúleg upplifun!!!  
Hljómleikarnir voru meira  
en fullkomnir.  
Mika hefur ótrúleg rödd  
og hann elskar að  
skemmta fólki“**

**„Ætti að standa á aðgöngumiðanum,  
Gegn þunglyndi“**

**„Ég hafði miklar væntingar  
vegna hljómleika MIKA  
en ég bjóst ekki við að hann  
væri SVONA góður“**



**Takmarkað  
magn miða**



Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIFTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**vísir**  
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gaf eiginhandarítanir í Kringlunni

Einhverjir ráku upp stór augu við lestur auglýsingar í Fréttablaðinu um helgina, þar sem greint var frá því að tiskubloggarinn **Pattrá Sriyanonge** ætlaði að veita aðdáendum eiginhandarítanir fyrir utan verslun Vero Moda í Kringlunni á laugardag. Fjöldi fólks mætti og fékk eiginhandarítun frá Pöttru, sem er í stuttri heimsókn á Íslandi. Heimsóknin í Kringluna reyndist svo vera hluti af gæsun Pöttru, en hún og fótbolta-kappinn Theodór Elmar Bjarnason ætla að ganga í það heilaga á strönd í Tailandi í desember. Þau eru búsett í Danmörku þar sem Elmar spilar fyrir Randers FC.



### Trúlofaðist í Moskvu

Grínistinn **Halldór Halldórsson**, eða Dóri DNA eins og hann er kallaður, trúlofaðist kærustu sinni Magneu Guðmundsdóttur um helgina. Þarið er stutt í Rússlandi þar sem Halldór er fulltrúi fjölskyldu sinnar á málþingi um afa sinn, Nóbelskáldið Halldór Laxness, í Moskvu. Halldór og Magnea uppfærðu hjúskaparstöðu sína á samskiptasíðunni Facebook í gær og óhætt að segja að hamingju-óskunum rigndi yfir þarið. Ásamt því að vera meðlimur í uppistandshópnum Mið-Ísland starfar Halldór sem hugmynda- og textasmíður hjá auglýsingastofnunni Fiton.



- þeb, áþ

### Mest lesið **vísir**

- 1 Réðist að foreldum sínum og lögreglu
- 2 Tölvuþrjotar hringja aftur á íslensk heimili
- 3 Rasmusar minnst við Reykjavíkurtjörn
- 4 Handtekinn fyrir að hringja í Neyðarlínuna
- 5 Kristján Þór: Til marks um „mikinn metnað“ hjá Tryggva Þór

### LÆRDÓMSRIT BÓKMENNTAFÉLAGSINS



Fjölbreytt – skemmtileg – fræðandi  
Yfir 80 titlar  
Nánar á [www.hib.is](http://www.hib.is)

HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

**Regína Ósk Guðrún Gunnars Guðrún Árný Jógvan**  
ásamt hljómsveit og barnakórum á hverjum stað



Upplifðu hlýja og notalega jólastemningu á adventunni.  
Einstaklega ljúfir jólatónleikar fyrir alla fjölskylduna.

**Midasala hefst í dag kl. 12:00 á [midi.is](http://midi.is)**  
MIDAVEÐ AÐEINS KR. 3.990,-

Sjáumst í hátíðarskapi hringinn um landið í desember

28.11 Ólafsvíkurkirkja	8.12 Húsavíkurkirkja
29.11 Tálknafjarðarkirkja	9.12 Þórshafnarkirkja
30.11 Stykkishólmskirkja	10.12 Seyðisfjarðarkirkja
1.12 Grindavíkurkirkja	11.12 Norðfjarðarkirkja
1.12 Keflavíkurkirkja	12.12 Egilsstaðarkirkja
2.12 Landakirkja	13.12 Hafnarkirkja
4.12 Sauðárkróskirkja	18.12 Ísafjarðarkirkja
5.12 Siglufjarðarkirkja	19.12 Selfoskirkja
6.12 Dalvíkurkirkja	20.12 Grafarvogskirkja
7.12 Akureyrarkirkja	

[jolinallsstadar.is](http://jolinallsstadar.is)

[f /jolinallsstadar](https://www.facebook.com/jolinallsstadar)